

Námskrá grunnnáms til BS gráðu í viðskiptafræði

Gildir skólaárið 2019 – 2020



BS viðskiptafræði

BS viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti

BS viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti og samfélagsmiðla

BS viðskiptafræði með áherslu á ferðaþjónustu

BS viðskiptafræði með áherslu á þjónustufræði

BS viðskiptafræði með áherslu á viðskiptagreind

BS viðskiptafræði með áherslu á verkefnastjórnun



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Nafn námskrár: Bakkalár í viðskiptafræði

Tengiliður: Forseti viðskiptadeildar

Lengd náms: Sjö annir

Fjöldi eininga: 180 ECTS, stig 1.2 samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður frá 2011

3. útgáfa uppfærð mars 2019

Efnisyfirlit

Almennt um námið.....	3
Skipulag náms	4
Kennslufræði.....	4
Starfsnám	5
Alþjóðlegt nám	5
Námsframvinda	5
Lærdómsviðmið BS í viðskiptafræði	7
Skipulag náms: BS viðskiptafræði	15
Skipulag náms: BS viðskiptafræði – markaðssamskipti	16
Skipulag náms: BS viðskiptafræði – markaðssamskipti og samfélagsmiðlar.....	17
Skipulag náms: BS viðskiptafræði – viðskiptagreind.....	18
Skipulag náms: BS viðskiptafræði – þjónustufræði.....	19
Skipulag náms: BS viðskiptafræði – ferðaþjónusta	20
Lýsingar námskeiða	22
901.4.0.UPTN Upplýsingatækni	22
901.2.0.FRAM Framsækni - örugg tjáning	23
901.6.0.RHAG Rekstrarhagfræði	24
901.6.0.ADFE Aðferðafræði	26
901.6.0.TÖLF Tölfræði	28
901.6.0.THAG Þjóðhagfræði	29
901.6.0.RHA1 Reikningshald I.....	30
901.6.0.FJM1 Fjármál I	31
902.6.0.INEN, Innovation and Entrepreneurship	32
902.6.0.REKA, Rekstraráætlanir I	33
902.8.0.2REÁ, Rekstraráætlanir II	34
102.6.0.HSTA Hagnýt stærðfræði.....	35
102.6.0.HLOG, Hagnýt lögfræði.....	36
102.6.0.STEV, Stefnumótun og gerð viðskiptaáætlana	37
102.6.0.FJM2, Fjármál II.....	38
102.6.0.VINS, Vinnusálfræði	39
102.6.0.MSHL Mannauðsstjórnun og hlutverk leiðtogans	40
102.6.0.ÞJOF Þjónandi forysta og stjórnun	41
102.6.0.SBOK Stjórnunarbókhald.....	42

102.6.0.NYSF Nýsköpun, stofnun og rekstur ferðaþjónustufyrirtækja	43
102.6.0.SKOR Skipulagsheildir og stjórnun	44
102.6.0.HALI, Hagvöxtur og lífskjör	48
102.6.0.INTB, International Business (Alþjóðaviðskipti)	49
102.6.0. NGSM, Negotiation and Sales Management (Samninga- og sölutækni) ..	50
102.6.0.BSET, Business Ethics.....	52
104.6.0.MAF1 Markaðsfræði I	53
104.6.0.VMST, Vörumerkjastjórnun.....	54
104.6.0.SBRE, Sjálfbærni og samfélagsábyrgð	55
104.6.0.RHA2, Reikningshald II	56
104.6.0.BREY, Breytingastjórnun.....	57
104.6.0.ÞSTJ, Þjónustustjórnun	58
104.6.0.NEMA, Neytendahegðun og markaðsrannsóknir	59
104.6.0.FFMA, Fjármál og fjármálamarkaðir	60
106.6.0.MFFA, Markaðsfræði ferðaþjónustu og afþreyingar	61
106.6.0.FERM, Ferðaþjónusta og menning	62
108.6.0.BMBF Boðmiðlun og birtingarfræði.....	63
108.6.0.STAM, Stafræn markaðssetning.....	64
108.6.0.MAF2, Markaðsfræði II	65
108.6.0.NSMA, Nýir straumar í markaðsmálum	66
108.6.0.TESA, Tilgangur og eðli samfélagsmiðla.....	67
108.6.0.JÓSA, Stjórnun samfélagsmiðla.....	68
108.6.0.CRMA, Stefnumiðuð stjórnun viðskiptatengsla (CRM)	69
109.6.0.GPJÓ Gæðamál og þjónusta.....	70
109.6.0.NYPR, Nýsköpun og þróun stafrænnar þjónustu	71
111.6.0.FORR, Forritunarmál.....	73
111.6.0.GAGA, Gagnagrunnar	74
111.6.0.ÁKFR, Ákvörðunarfræði	75
111.6.0.GREI, Gervigreind	76
112.6.0.INCO, Intercultural Communication (Alþjóðasamskipti)	77
202.6.0.SFYR, Stjórnarhættir fyrirtækja	78
902.8.0.MISS, Misserisverkefni.....	79
104.X.0.BSRG, BS Ritgerð.....	81

Almennt um námið

Grunnnám í viðskiptafræði við Háskólann á Bifröst er alhliða viðskiptanám sem ætlað er að búa nemendur undir ábyrgðar-, forystu- og stjórnunarstörf í atvinnulífi og samfélagi. Námið samanstendur af almennum viðskiptafræðigreinum eins og fjármálum, reikningshaldi, stjórnun og markaðsfræði. Nemendur geta dvalið eina önn í skiptinámi við erlendan samstarfsháskóla að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Inntökuskilyrði í námið er stúdentspróf eða sambærileg menntun af hæfniprepi 3, t.d. Háskólagátt Háskólans á Bifröst.

Nemendur sem ljúka námi fá BS gráðu í viðskiptafræði sem uppfyllir skilyrði um bakkalárpróf, þrep 1.2 samkvæmt viðmiðum mennta- og menningarmálaráðuneytisins um æðri menntun og prófgráður frá 2011.¹

Í öllu námi á Bifröst er lögð rík áhersla á að nemendur geti annars vegar unnið sjálfstætt að úrlausn krefjandi verkefna og hins vegar unnið í hópi samnemenda að rannsóknum og úrlausn stærri verkefna, kynnt þau og lagt í dóm kennara og samnemenda. Lögð er áhersla á gagnrýna hugsun og hagnýta tengingu við raunhæf verkefni sem eru krefjandi og umfangsmikil. Einnig er samfélagsleg ábyrgð meðal þess sem lög er áhersla á í náminu.

Í því skyni að stuðla að framþróun samfélagsins í átt að betra og auðugra umhverfi, mannúðlegu samfélagi og ábyrgri þátttöku, hefur skólinn gerst aðili að alþjóðlegu samstarfi um menntun ábyrgra stjórnenda (Principles of Responsible Management Education – PRME) sem Sameinuðu þjóðirnar veita forystu. Jafnframt miðar skólinn að því að efla hugsun um sjálfbærni sem tengist bæði námi og rannsóknum sem við skólann og mannlífi í háskólaþorpinu.

Auk grunnnáms í viðskiptafræði býður Háskólinn á Bifröst upp á grunnnám í félagsvísindum og í viðskiptalögfræði. Saman mynda þessar þrjár grunnnámslínur eina heild og því er samstarf nemenda í grunnnáminu umtalsvert á námstíma óháð námsgrein. Þannig eru t.d. námskeið eins og upplýsingatækni og rekstrarhagfræði skyldunámskeið nemenda þvert á námslínur. Með þessum námskeiðum er mótuð sú sýn á samfélagstengt nám sem Bifröst byggir á og lagður grunnur að getu nemenda til að vinna með fólki úr ólíkum áttum hvort sem um er að ræða nám eða starf.

¹ Sjá Auglýsingu um útgáfu viðmiða um æðri menntun og prófgráður í Stjórnartíðinum þann 16. maí 2011 (<http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=7fa0729e-dacc-47e3-b626-96efb036ef68>)

Skipulag náms

Grunnnám er skipulagt í lotum, hver lota er 7 vikur, þar sem kennt er í 6 vikur og námsmat er í þeirri sjöundu, stutt lota. Nokkur námskeið eru, eðlis þeirra vegna, kennd í löngum lotum, þ.e. 13 vikur; 12 vikur í kennslu og ein vika í námsmat. Slíkt fyrirkomulag auðveldar nemendum að einbeita sér að þeim námskeiðum sem tekin eru hverju sinni og álag á nemendur verður jafnara yfir önnina.

Kennslufræði

Kennsla og nám við Háskólann á Bifröst fer allt fram með aðferðum vandináms. Sérstaða í kennsluháttum Bifröstar felst einkum í afar verkefnadrifnu námi og sérstökum misserisverkefnum sem unnin eru í 4-6 manna hópum.

Misserisverkefnin, auk kennslu í verkefnastjórnun, eru 8 ECTS og þurfa nemendur að taka tvö slík verkefni á námstímanum. Verkefnin eru gjarnan unnin í samvinnu við fyrirtæki, sveitarstjórnir, opinberar stofnanir og aðra aðila utan skólans og eru þau varin fyrir dómnefnd tveggja kennara ásamt hópi nemenda. Heimilt er að sleppa einu misserisverkefni ef nemandi fer sem skiptinemi eða fær metið sambærilegt verkefni úr öðrum háskóla. Slík ráðstöfun er háð samþykki kennslusviðs.

Símat í formi verkefnavinnu er stór hluti kennslu í viðskiptafræði og er einkennandi fyrir Háskólann á Bifröst. Í markmiðasetningu og stefnu skólans má sjá áherslur sem fela meðal annars í sér eftirfarandi þætti:

- Kennslufræðilega sérstöðu sem felst í virku hópastarfi, þar sem nemendur þurfa að temja sér öguð vinnubrögð og samskipti, jafnframt því að frumkvæði nemandans sem einstaklings er virkjað og ýtt er undir skapandi og gagnrýna hugsun.
- Þjálfun nemenda við kynningu á hugmyndum sínum og vinnu, miðlun reynslu sinnar og þekkingar og rökræður þar um.
- Tíð verkefnaskil og nána vinnu með kennurum og öðrum nemendum, sem veitir náminu hagnýtt gildi, til viðbótar við almennar kröfur um skilning og þekkingu á fræðasviðinu.
- Tengsl við atvinnulíf þar sem nemendur vinna að raunhæfum verkefnum í samvinnu við fyrirtæki og stofnanir, auk möguleika á starfsnámi, þar sem nemendum er boðið upp á starfsþjálfun undir faglegri handleiðslu reyndra stjórnenda fyrirtækja og stofnana.

Að baki hverri ECTS einingu er gert ráð fyrir 25-30 stunda vinnu nemenda. Til þeirrar vinnu telst allur lestur, verkefnavinna, undirbúningur fyrir próf, kynningar, vinnuhelgar, fyrirlestrar, verkefnatímar og annað það sem talist getur til vinnu nemenda við námskeiðið.

Kennsla, námsmat og skipulag kennslu fylgir *Reglum um nám og kennslu* sem má finna í gæðahandbók skólans (sjá F110). Þar má líka finna prófareglur og ýmsar leiðbeiningar fyrir nemendur. Gæðahandbókina er að finna undir þessari slóð <http://www.bifrost.is/islenska/um-haskolann/gaedamal/fylgiskjol/>

Námið veitir aðgang að framhaldsmenntun á meistara- og doktorsstigi sem takmarkast þó af reglum einstakra skóla um lágmarksfjölda ECTS í hverri námsgrein, lágmarkseinkunnir og fleira.

Starfsnám

Til að efla tengsl við atvinnulífið og við fyrirhugaðan starfsvettvang nemenda hefur Háskólinn á Bifröst byggt upp starfsnám í samvinnu við fyrirtæki og stofnanir. Nemendur sem sýnt hafa fram á góðan námsárangur, frumkvæði og sjálfstæða hugsun geta sótt um að komast í starfsnám á námstímanum. Nemendur í grunnnámi verða að hafa lokið a.m.k. 110 einingum og hafa fyrstu einkunn til að geta komist í starfsnám. Starfsnámið tekur yfirleitt fjórar vikur (160 klukkustundir) og er ígildi 6 ECTS.

Alþjóðlegt nám

Áhersla Bifrastar á alþjóðleg tengsl birtist í öflugu samstarfi við erlenda háskóla. Þetta kemur fram í faglegum og fræðilegum tengslum akademískra starfsmanna skólans við erlenda starfsfélaga og í samningum skólans við háskóla um allan heim um móttöku skiptinema. Nemendum í grunnnámi við Háskólann á Bifröst býðst að stunda nám í einum af samstarfsskólum Bifrastar erlendis í eina önn og er það á ábyrgð nemanda að skipuleggja nám sitt með þeim hætti að hann ljúki sambærilegum einingafjölda og hann hefði annars lokið á Bifröst á sama tíma. Alþjóðafulltrúi er nemendum til aðstoðar varðandi umsóknir um skiptinám, en nemendur bera ábyrgð á eigin námsframvindu. Háskólinn á Bifröst tekur einnig við erlendum skiptinemum frá samstarfsskólum sínum og er samstarf og samneyti nemenda við þá einnig mikilvægur hluti af þeirri alþjóðlegu reynslu sem skólinn býður nemendum sínum upp á.

Háskólinn er aðili að Erasmus-samstarfi evrópskra háskóla og er einnig með marga tvíhliða samninga við valda háskóla utan Evrópu. Bifröst tekur þátt í *University of the Arctic* (UArctic) sem er samstarf nokkurra háskóla í Kanada, Bandaríkjunum, Grænlandi, Íslandi, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Rússlandi. Auk þess sem Bifröst tekur þátt í *north2north* skiptinemasamstarfi á vegum UArctic.

Námsframvinda

BS nám í viðskiptafræði er 180 ECTS nám sem hægt er að ljúka á tveimur og hálfu ári eða á lengri tíma.

Eftirfarandi áherslulínur eru í boði í grunnnámi í viðskiptafræði:

- BS í viðskiptafræði
- BS í viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti
- BS í viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti og samfélagsmiðla
- BS nám í viðskiptafræði með áherslu á þjónustu
- BS nám í viðskiptafræði með áherslu á ferðaþjónustu
- BS nám í viðskiptafræði með áherslu á viðskiptagreind

- BS nám í viðskiptafræði með áherslu á verkefnastjórnun

Skipulag námsins byggir á hefðbundnum haust- og vorönnum en að auki eru styttri sumarannir svo nemendur geta lokið 80 ECTS á ári í stað 60. Þannig er hægt að ljúka námskeiðum að mestu á tveimur árum en á síðustu önninni (þriðja ár) skrifa nemendur lokaritgerð auk þess að ljúka einingum sem eftir kunna að standa, meðal annars með starfsþjálfun eða valnámskeiðum. Mögulegt er að taka námið yfir lengri tíma kjósi nemandi svo.

Lærdómsviðmið BS í viðskiptafræði

Námslínur: Viðskiptafræði, viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti, viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti og samfélagsmiðla, viðskiptafræði með áherslu á þjónustufræði, viðskiptafræði með áherslu á ferðaþjónustu og viðskiptafræði með áherslu á viðskiptagreind.

Lokaviðmið námslínu eru sett fram samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður sem menntamálaráðuneytið gaf út árið 2011 samkvæmt lögum nr. 63/2006.

2.1 Viðskiptafræði

Bakklár stig 1.2, 180 ECTS. Inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun. Að námi loknu eiga nemendur að uppfylla eftirfarandi viðmið samkvæmt þeim námsárangri sem fram kemur í útskriftarskírteini og skírteinisviðauka.

Þekking:

Við útskrift býr nemandi yfir þekkingu sem felst í því að:

- hafa hlotið almennan skilning á kenningum, hugtökum í grunneiningum og undirstöðu greinum viðskiptafræðinnar
- geta skilgreint og hafa öðlast kerfisbundinn skilning á nýjustu þekkingu á ýmsum greinum innan viðskiptafræða og geta nýtt þá þekkingu við fræðilegar og hagnýtar úrlausnir á sértækum viðfangsefnum innan viðskiptafræða
- þekkja undirstöðuatriði leitar- og upplýsingatækni og þær aðferðir, sem notaðar eru við greiningu og úrvinnslu gagna á sviði viðskiptafræða
- hafa tök á að afla sér frekari þekkingar og getu til að viðhalda þekkingu sinni með viðurkenndum aðferðum og hafa getu til gagnrýnnar hugsunar og greiningar tækifæra til nýsköpunar.

Leikni:

Við útskrift getur nemandi beitt viðurkenndum aðferðum og verklagi innan viðskiptafræða sem felst í því að:

- hafa fengið þjálfun í notkun á viðeigandi tölvu- og hugbúnaði, hafa færni til að nýta sér viðurkennd gagnasöfn og upplýsingalindir á sviði viðskiptafræða, geta greint hvenær þörf er á upplýsingum og búa yfir leikni til að finna þær, meta og nýta á viðeigandi hátt
- geta tekið og réttlætt ákvarðanir á faglegum grunni sem tengjast grundvallarþáttum í viðskiptafræðum, túlkað og rökstutt þær
- geta unnið sjálfstætt og skipulega að viðfangsefnum, rannsakað og lagt mat á þær aðferðir sem notaðar eru
- geta greint viðfangsefni í faglegu samhengi og beitt við það gagnrýnum aðferðum.

Hæfni:

Við útskrift getur nemandi hagnýtt þekkingu sína og leikni í starfi og til frekara náms. Í því felst að nemandi:

- hafi námshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum til frekara náms í viðskiptafræðum og skyldum greinum á meistarastigi við innlenda eða erlenda háskóla

- b. geti beitt viðurkenndum aðferðum við greiningu viðfangsefna sem honum eru falin, hafi tileinkað sér gagnrýna hugsun, geti sett sér markmið um verkefni sín, gert starfsáætlun og fylgt henni þannig að tilskildum áföngum sé náð
- c. geti tekið virkan þátt í samstarfi innan fyrirtækja og stofnana, miðlað færni sinni, hugmyndum sínum og kunnáttu og geti leitt verkþópa við úrlausn skilgreindra verkefna
- d. sé fær um með skýrum og skilmerkilegum hætti að setja fram og lýsa fræðilegum atriðum og niðurstöðum rannsókna, munnlega og skriflega
- e. hafi aukið siðferðilega og félagslega hæfni sína til virkrar þátttöku í lýðræðissamfélagi og geti unnið eftir gildum sjálfbærni og samfélagslegrar ábyrgðar.

2.2 Viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti

Bakklár stig 1.2, 180 ECTS. Inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun. Að námi loknu eiga nemendur að uppfylla eftirfarandi viðmið samkvæmt þeim námsárangri sem fram kemur í útskriftarskírteini og skírteinisviðauka.

Þekking:

Við útskrift býr nemandi yfir þekkingu sem felst í því að:

- a. hafa hlotið almennan skilning á kenningum, hugtökum í grunneiningum og undirstöðu greinum viðskiptafræðinnar
- b. geta skilgreint og hafa öðlast kerfisbundinn skilning á nýjustu þekkingu á ýmsum greinum innan viðskiptafræða og geta nýtt þá þekkingu við fræðilegar og hagnýtar úrlausnir á sértækum viðfangsefnum innan viðskiptafræða
- c. þekkja undirstöðuatriði leitar- og upplýsingatækni og þær aðferðir, sem notaðar eru við greiningu og úrvinnslu gagna á sviði viðskiptafræða
- d. hafa tök á að afla sér frekari þekkingar og getu til að viðhalda þekkingu sinni með viðurkenndum aðferðum og hafa getu til gagnrýnnar hugsunar og greiningar tækifæra til nýsköpunar
- e. geta fjallað um undirstöðuatriði markaðsfærslu, helstu kenninga markaðsfræðinnar og aðferðafræði markaðsstjórnunar.

Leikni:

Við útskrift getur nemandi beitt viðurkenndum aðferðum og verklagi innan viðskiptafræða sem felst í því að:

- a. hafa fengið þjálfun í notkun á viðeigandi tölvu- og hugbúnaði, hafa færni til að nýta sér viðurkennd gagnasöfn og upplýsingalindir á sviði viðskiptafræða, geta greint hvenær þörf er á upplýsingum og búa yfir leikni til að finna þær, meta og nýta á viðeigandi hátt
- b. geta tekið og réttlætt ákvarðanir, á faglegum grunni, sem tengjast grundvallarþáttum í viðskiptafræðum, túlkað og rökstutt þær
- c. geta unnið sjálfstætt og skipulega að viðfangsefnum, rannsakað og lagt mat á þær aðferðir sem notaðar eru
- d. geta greint viðfangsefni í faglegu samhengi og beitt við það gagnrýnum aðferðum
- e. búa yfir leikni til að nýta þekkingu sína til að greina markaðsaðstæður og stýra markaðsstarfi skipulagsheilda.

Hæfni:

Við útskrift getur nemandi hagnýtt þekkingu sína og leikni í starfi og til frekara náms. Í því felst að nemandinn:

- hafi námshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum til frekara náms í viðskiptafræðum og skyldum greinum á meistarastigi við innlenda eða erlenda háskóla
- geti beitt viðurkenndum aðferðum við greiningu viðfangsefna sem honum eru falin, hafi tileinkað sér gagnrýna hugsun, geti sett sér markmið um verkefni sín, gert starfsáætlun og fylgt henni þannig að tilskildum áföngum sé náð
- geti tekið virkan þátt í samstarfi innan fyrirtækja og stofnana, miðlað færni sinni, hugmyndum sínum og kunnáttu og geti leitt verkhópa við úrlausn skilgreindra verkefna
- sé fær um með skýrum og skilmerkilegum hætti að setja fram og lýsa fræðilegum atriðum og niðurstöðum rannsókna, munnlega og skriflega
- hafi aukið siðferðilega og félagslega hæfni sína til virkrar þátttöku í lýðræðissamfélagi og geti unnið eftir gildum sjálfbærni og samfélagslegrar ábyrgðar

2.3 Viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti og samfélagsmiðla

Bakklár stig 1.2, 180 ECTS. Inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun. Að námi loknu eiga nemendur að uppfylla eftirfarandi viðmið samkvæmt þeim námsárangri sem fram kemur í útskriftarskírteini og skírteinisviðauka.

Þekking:

Við útskrift býr nemandi yfir þekkingu sem felst í því að:

- hafa hlotið almennan skilning á kenningum, hugtökum í grunneiningum og undirstöðu greinum viðskiptafræðinnar
- geta skilgreint og hafa öðlast kerfisbundinn skilning á nýjustu þekkingu á ýmsum greinum innan viðskiptafræða og geta nýtt þá þekkingu við fræðilegar og hagnýtar úrlausnir á sértækum viðfangsefnum innan viðskiptafræða
- þekkja undirstöðuatríði leitar- og upplýsingatækni og þær aðferðir, sem notaðar eru við greiningu og úrvinnslu gagna á sviði viðskiptafræða
- hafa tök á að afla sér frekari þekkingar og getu til að viðhalda þekkingu sinni með viðurkenndum aðferðum og hafi getu til gagnrýnnar hugsunar og greiningar tækifæra til nýsköpunar
- geta fjallað um undirstöðuatríði markaðsfærslu og möguleika samfélagsmiðla til markaðssamskipta.

Leikni:

Við útskrift getur nemandi beitt viðurkenndum aðferðum og verklagi innan viðskiptafræða sem felst í því að:

- hafa fengið þjálfun í notkun á viðeigandi tölvu- og hugbúnaði, hafa færni til að nýta sér viðurkennd gagnasöfn og upplýsingalindir á sviði viðskiptafræða, geta greint hvenær þörf er á upplýsingum og búa yfir leikni til að finna þær, meta og nýta á viðeigandi hátt
- geta tekið og réttlætt ákvarðanir á faglegum grunni sem tengjast grundvallarþáttum í viðskiptafræðum, túlkað og rökstutt þær

- c. geta unnið sjálfstætt og skipulega að viðfangsefnum, rannsakað og lagt mat á þær aðferðir sem notaðar eru
- d. geta greint viðfangsefni í faglegu samhengi og beitt við það gagnrýnum aðferðum
- e. búa yfir leikni til að nýta þekkingu sína á hagnýtan hátt við stjórnun markaðssetningar á samfélagsmiðlum.

Hæfni:

Við útskrift getur nemandi hagnýtt þekkingu sína og leikni í starfi og til frekara náms. Í því felst að nemandinn:

- a. hafi námshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum til frekara náms í viðskiptafræðum og skyldum greinum á meistarastigi við innlenda eða erlenda háskóla
- b. geti beitt viðurkenndum aðferðum við greiningu viðfangsefna sem honum eru falin, hafi tileinkað sér gagnrýna hugsun, geti sett sér markmið um verkefni sín, gert starfsáætlun og fylgt henni þannig að tilskildum áföngum sé náð
- c. geti tekið virkan þátt í samstarfi innan fyrirtækja og stofnana, miðlað færni sinni, hugmyndum sínum og kunnáttu og geti leitt verkþópa við úrlausn skilgreindra verkefna
- d. sé fær um með skýrum og skilmerkilegum hætti að setja fram og lýsa fræðilegum atriðum og niðurstöðum rannsókna, munnlega og skriflega
- e. hafi aukið siðferðilega og félagslega hæfni sína til virkrar þátttöku í lýðræðissamfélagi og geti unnið eftir gildum sjálfbærni og samfélagslegrar ábyrgðar.

2.4 Viðskiptafræði með áherslu á þjónustufræði

Bakklár stig 1.2, 180 ECTS. Inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun. Að námi loknu eiga nemendur að uppfylla eftirfarandi viðmið samkvæmt þeim námsárangri sem fram kemur í útskriftarskírteini og skírteinisviðauka.

Þekking:

Við útskrift býr nemandi yfir þekkingu sem felst í því að:

- a. hafa hlotið almennan skilning á kenningum, hugtökum í grunneiningum og undirstöðu greinum viðskiptafræðinnar
- b. geta skilgreint og hafa öðlast kerfisbundinn skilning á nýjustu þekkingu á ýmsum greinum innan viðskiptafræða og geta nýtt þá þekkingu við fræðilegar og hagnýtar úrlausnir á sértækum viðfangsefnum innan viðskiptafræða
- c. þekkja undirstöðuatriði leitar- og upplýsingatækni og þær aðferðir, sem notaðar eru við greiningu og úrvinnslu gagna á sviði viðskiptafræða
- d. hafa tök á að afla sér frekari þekkingar og getu til að viðhalda þekkingu sinni með viðurkenndum aðferðum og hafa getu til gagnrýnnar hugsunar og greiningar tækifæra til nýsköpunar
- e. geta sýnt fram á breiða fræðilega og hagnýta undirstöðuþekkingu á þjónustu.

Leikni:

Við útskrift getur nemandi beitt viðurkenndum aðferðum og verklagi innan viðskiptafræða sem felst í því að:

- hafa fengið þjálfun í notkun á viðeigandi tölvu- og hugbúnaði, hafa færni til að nýta sér viðurkennd gagnasöfn og upplýsingalindir á sviði viðskiptafræða, geta greint hvenær þörf er á upplýsingum og búa yfir leikni til að finna þær, meta og nýta á viðeigandi hátt
- geta tekið og réttlætt ákvarðanir á faglegum grunni sem tengjast grundvallarþáttum í viðskiptafræðum, túlkað og rökstutt þær
- geta unnið sjálfstætt og skipulega að viðfangsefnum, rannsakað og lagt mat á þær aðferðir sem notaðar eru
- geta greint viðfangsefni í faglegu samhengi og beitt við það gagnrýnum aðferðum
- geta beitt aðferðum þjónustufræðanna í atvinnulífinu.

Hæfni:

Við útskrift getur nemandi hagnýtt þekkingu sína og leikni í starfi og til frekara náms. Í því felst að nemandinn:

- hafi námshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum til frekara náms í viðskiptafræðum og skyldum greinum á meistarastigi við innlenda eða erlenda háskóla
- geti beitt viðurkenndum aðferðum við greiningu viðfangsefna sem honum eru falin, hafi tileinkað sér gagnrýna hugsun, geti sett sér markmið um verkefni sín, gert starfsáætlun og fylgt henni þannig að tilskildum áföngum sé náð
- geti tekið virkan þátt í samstarfi innan fyrirtækja og stofnana, miðlað færni sinni, hugmyndum sínum og kunnáttu og geti leitt verkþópa við úrlausn skilgreindra verkefna
- sé fær um með skýrum og skilmerkilegum hætti að setja fram og lýsa fræðilegum atriðum og niðurstöðum rannsókna, munnlega og skriflega
- hafi aukið siðferðilega og félagslega hæfni sína til virkrar þátttöku í lýðræðissamfélagi og geti unnið eftir gildum sjálfbærni og samfélagslegrar ábyrgðar.

2.5 Viðskiptafræði með áherslu á ferðapjónustu

Bakklár stig 1.2, 180 ECTS. Inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun. Að námi loknu eiga nemendur að uppfylla eftirfarandi viðmið samkvæmt þeim námsárangri sem fram kemur í útskriftarskírteini og skírteinisviðauka.

Þekking:

Við útskrift býr nemandi yfir þekkingu sem felst í því að:

- hafa hlotið almennan skilning á kenningum, hugtökum í grunneiningum og undirstöðu greinum viðskiptafræðinnar
- geta skilgreint og hafa öðlast kerfisbundinn skilning á nýjustu þekkingu á ýmsum greinum innan viðskiptafræða og geta nýtt þá þekkingu við fræðilegar og hagnýtar úrlausnir á sértækum viðfangsefnum innan viðskiptafræða
- þekkja undirstöðuatriði leitar- og upplýsingatækni og þær aðferðir, sem notaðar eru við greiningu og úrvinnslu gagna á sviði viðskiptafræða
- hafa tök á að afla sér frekari þekkingar og getu til að viðhalda þekkingu sinni með viðurkenndum aðferðum og hafa getu til gagnrýnnar hugsunar og greiningar tækifæra til nýsköpunar
- geta sýnt fram á breiða fræðilega og hagnýta undirstöðuþekkingu á ferðapjónustu.

Leikni:

Við útskrift getur nemandi beitt viðurkenndum aðferðum og verklagi innan viðskiptafræða sem felst í því að:

- hafa fengið þjálfun í notkun á viðeigandi tölvu- og hugbúnaði, hafa færni til að nýta sér viðurkennd gagnasöfn og upplýsingalindir á sviði viðskiptafræða, geta greint hvenær þörf er á upplýsingum og búa yfir leikni til að finna þær, meta og nýta á viðeigandi hátt
- geta tekið og réttlætt ákvarðanir á faglegum grunni sem tengjast grundvallarþáttum í viðskiptafræðum, túlkað og rökstutt þær
- geta unnið sjálfstætt og skipulega að viðfangsefnum, rannsakað og lagt mat á þær aðferðir sem notaðar eru
- geta greint viðfangsefni í faglegu samhengi og beitt við það gagnrýnum aðferðum
- geta beitt hagnýtum aðferðum og rannsóknum fyrir í fyrirtæki ferðapjónustu og gert einfaldar greiningar.

Hæfni:

Við útskrift getur nemandi hagnýtt þekkingu sína og leikni í starfi og til frekara náms. Í því felst að nemandinn:

- hafi námshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum til frekara náms í viðskiptafræðum og skyldum greinum á meistarastigi við innlenda eða erlenda háskóla
- geti beitt viðurkenndum aðferðum við greiningu viðfangsefna sem honum eru falin, hafi tileinkað sér gagnrýna hugsun, geti sett sér markmið um verkefni sín, gert starfsáætlun og fylgt henni þannig að tilskildum áföngum sé náð
- geti tekið virkan þátt í samstarfi innan fyrirtækja og stofnana, miðlað færni sinni, hugmyndum sínum og kunnáttu og geti leitt verkþópa við úrlausn skilgreindra verkefna
- sé fær um með skýrum og skilmerkilegum hætti að setja fram og lýsa fræðilegum atriðum og niðurstöðum rannsókna, munnlega og skriflega
- hafi aukið siðferðilega og félagslega hæfni sína til virkrar þátttöku í lýðræðissamfélagi og geti unnið eftir gildum sjálfbærni og samfélagslegrar ábyrgðar.

2.6 Viðskiptafræði með áherslu á viðskiptagreind

Bakklár stig 1.2, 180 ECTS. Inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun. Að námi loknu eiga nemendur að uppfylla eftirfarandi viðmið samkvæmt þeim námsárangri sem fram kemur í útskriftarskírteini og skírteinisviðauka.

Þekking:

Við útskrift býr nemandi yfir þekkingu sem felst í því að:

- hafa hlotið almennan skilning á kenningum, hugtökum í grunneiningum og undirstöðu greinum viðskiptafræðinnar
- geta skilgreint og hafa öðlast kerfisbundinn skilning á nýjustu þekkingu á ýmsum greinum innan viðskiptafræða og geta nýtt þá þekkingu við fræðilegar og hagnýtar úrlausnir á sértækum viðfangsefnum innan viðskiptafræða
- þekkja undirstöðuatriði leitar- og upplýsingatækni og þær aðferðir, sem notaðar eru við greiningu og úrvinnslu gagna á sviði viðskiptafræða

- d. hafa tök á að afla sér frekari þekkingar og getu til að viðhalda þekkingu sinni með viðurkenndum aðferðum og hafa getu til gagnrýnnar hugsunar og greiningar tækifæra til nýsköpunar
- e. geta sýnt fram á kerfisbundna þekkingu á þeim tölvuvæddu hjálpartækjum sem eru á sviði viðskiptafræði, þekkja undirstöðuatríði gagnagrunna ásamt leitar- og upplýsingatækni og hafa þekkingu á undirstöðu atriðum ákvörðunarfræða og gervigreindar.

Leikni:

Við útskrift getur nemandi beitt viðurkenndum aðferðum og verklagi innan viðskiptafræða sem felst í því að:

- a. hafa fengið þjálfun í notkun á viðeigandi tölvu- og hugbúnaði, hafa færni til að nýta sér viðurkennd gagnasöfn og upplýsingalindir á sviði viðskiptafræða, geta greint hvenær þörf er á upplýsingum og búa yfir leikni til að finna þær, meta og nýta á viðeigandi hátt
- b. geta tekið og réttlætt ákvarðanir á faglegum grunni sem tengjast grundvallarþáttum í viðskiptafræðum, túlkað og rökstutt þær
- c. geta unnið sjálfstætt og skipulega að viðfangsefnum, rannsakað og lagt mat á þær aðferðir sem notaðar eru
- d. geta greint viðfangsefni í faglegu samhengi og beitt við það gagnrýnum aðferðum
- e. hafa fengið þjálfun í notkun á viðeigandi hugbúnaði, hafa færni til þess að nýta sér upplýsingalindir á sviði viðskiptafræða og geta greint hvaða hugbúnaður hentar í hins ýmsu verkefni.

Hæfni:

Við útskrift getur nemandi hagnýtt þekkingu sína og leikni í starfi og til frekara náms. Í því felst að nemandinn:

- a. hafi námshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum til frekara náms í viðskiptafræðum og skyldum greinum á meistarastigi við innlenda eða erlenda háskóla
- b. geti beitt viðurkenndum aðferðum við greiningu viðfangsefna sem honum eru falin, hafi tileinkað sér gagnrýna hugsun, geti sett sér markmið um verkefni sín, gert starfsáætlun og fylgt henni þannig að tilskildum áföngum sé náð
- c. geti tekið virkan þátt í samstarfi innan fyrirtækja og stofnana, miðlað færni sinni, hugmyndum sínum og kunnáttu og geti leitt verkhópa við úrlausn skilgreindra verkefna
- d. sé fær um með skýrum og skilmerkilegum hætti að setja fram og lýsa fræðilegum atriðum og niðurstöðum rannsókna, munnlega og skriflega
- e. hafi aukið siðferðilega og félagslega hæfni sína til virkrar þátttöku í lýðræðissamfélagi og geti unnið eftir gildum sjálfbærni og samfélagslegrar ábyrgðar.

2.7. Viðskiptafræði með áherslu á verkefnastjórnun

Bakklár stig 1.2, 180 ECTS. Inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun. Að námi loknu eiga nemendur að uppfylla eftirfarandi viðmið samkvæmt þeim námsárangri sem fram kemur í útskriftarskírteini og skírteinisviðauka.

Þekking:

Við útskrift býr nemandi yfir þekkingu sem felst í því að:

- f. hafa hlotið almennan skilning á kenningum, hugtökum í grunneiningum og undirstöðu greinum viðskiptafræðinnar
- g. geta skilgreint og hafa öðlast kerfisbundinn skilning á nýjustu þekkingu á ýmsum greinum innan viðskiptafræða og geta nýtt þá þekkingu við fræðilegar og hagnýtar úrlausnir á sértækum viðfangsefnum innan viðskiptafræða
- h. þekkja undirstöðuatriði leitar- og upplýsingatækni og þær aðferðir, sem notaðar eru við greiningu og úrvinnslu gagna á sviði viðskiptafræða
- i. hafa tök á að afla sér frekari þekkingar og getu til að viðhalda þekkingu sinni með viðurkenndum aðferðum og hafa getu til gagnrýnnar hugsunar og greiningar tækifæra til nýsköpunar
- j. geta sýnt fram á breiða fræðilega og hagnýta undirstöðuþekkingu á verkefnastjórnun.

Leikni:

Við útskrift getur nemandi beitt viðurkenndum aðferðum og verklagi innan viðskiptafræða sem felst í því að:

- f. hafa fengið þjálfun í notkun á viðeigandi tölvu- og hugbúnaði, hafa færni til að nýta sér viðurkennd gagnasöfn og upplýsingalindir á sviði viðskiptafræða, geta greint hvenær þörf er á upplýsingum og búa yfir leikni til að finna þær, meta og nýta á viðeigandi hátt
- g. geta tekið og réttlætt ákvarðanir á faglegum grunni sem tengjast grundvallarþáttum í viðskiptafræðum, túlkað og rökstutt þær
- h. geta unnið sjálfstætt og skipulega að viðfangsefnum, rannsakað og lagt mat á þær aðferðir sem notaðar eru
- i. geta greint viðfangsefni í faglegu samhengi og beitt við það gagnrýnum aðferðum
- j. geta beitt aðferðum verkefnastjórnunar í atvinnulífinu.

Hæfni:

Við útskrift getur nemandi hagnýtt þekkingu sína og leikni í starfi og til frekara náms. Í því felst að nemandinn:

- f. hafi námshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum til frekara náms í viðskiptafræðum og skyldum greinum á meistarastigi við innlenda eða erlenda háskóla
- g. geti beitt viðurkenndum aðferðum við greiningu viðfangsefna sem honum eru falin, hafi tileinkað sér gagnrýna hugsun, geti sett sér markmið um verkefni sín, gert starfsáætlun og fylgt henni þannig að tilskildum áföngum sé náð
- h. geti tekið virkan þátt í samstarfi innan fyrirtækja og stofnana, miðlað færni sinni, hugmyndum sínum og kunnáttu og geti leitt verkþópa við úrlausn skilgreindra verkefna
- i. sé fær um með skýrum og skilmerkilegum hætti að setja fram og lýsa fræðilegum atriðum og niðurstöðum rannsókna, munnlega og skriflega
- j. hafi aukið siðferðilega og félagslega hæfni sína til virkrar þátttöku í lýðræðissamfélagi og geti unnið eftir gildum sjálfbærni og samfélagslegrar ábyrgðar.

Skipulag náms: BS viðskiptafræði

1. ár (80 ECTS)

Haust	ECTS	Vor	ECTS	Sumar	ECTS
Upplýsingatækni	4	Reikningshald I	6		
Hagnýt stærðfræði	6	Stjórnunarbókhald	6		
Rekstrarhagfræði	6	Tölfræði	6		
Aðferðafræði	6	Þjóðhagfræði	6	Valnámskeið	6
		Mannauðsstjórnun			
Markaðsfræði 1	6	og	6	Valnámskeið	6
		hlutverk leiðtoga			
Framsækni - örugg tjáning	2			Misserisverkefni - verkefnastjórnun	8
	30		30		20

2. ár (80 ECTS)

Haust	ECTS	Vor	ECTS	Sumar	ECTS
Hagnýt lögfræði *	(6)	Fjármál II	6		
Stjórnarhættir fyrirtækja*	(6)	Breytingastjórnun	6		
Neytendahegðun og markaðsrannsóknir*	(6)	Sjálfbærni og samfélagsábyrgð	6	Valnámskeið	6
Fjármál I	6	Reikningshald II	6	Valnámskeið	6
Vinnusálfræði	6	Þjónandi forysta og stjórnun	6	Misserisverkefni - verkefnastjórnun	8
Þjónustustjórnun	6				
	30		30		20

*Nemendur velja 2 af 3 námskeiðum

3. ár (20 ECTS)

Haust	ECTS
Stefnumótun og gerð við- skiptaáætlana	6
BS ritgerð	14
	20

Birt með fyrirvara um breytingar

Skipulag náms: BS viðskiptafræði – markaðssamskipti

1. ár (80 ECTS)

Haust	ECTS	Vor	ECTS	Sumar	ECTS
Upplýsingatækni	4	Reikningshald I	6		
Hagnýt stærðfræði	6	Boðmiðlun og birtingarfræði	6		
Rekstrarhagfræði	6	Tölfræði	6		
Aðferðafræði	6	Þjóðhagfræði	6	Valnámskeið	6
Markaðsfræði 1	6	Mannauðsstjórnun og hlutverk leiðtoga	6	Valnámskeið	6
Framsækni - örugg tjáning	2			Misserisverkefni - verkefnastjórnun	8
	30		30		20

2. ár (80 ECTS)

Haust	ECTS	Vor	ECTS	Sumar	ECTS
Stafræn markaðssetning	6	Fjármál II*	(6)		
Neytendahegðun og markaðsrannsóknir	6	Nýir straumar í markaðsmálum	6		
Fjármál I	6	Sjálfbærni og samfélagsábyrgð	6	Valnámskeið	6
Vörumerkjastjórnun	6	Markaðsfræði II	6	Valnámskeið	6
Þjónustustjórnun	6	Þjónandi forysta og stjórnun Breytingastjórnun*	6 (6)	Misserisverkefni - verkefnastjórnun	8
	30		30		20

*Nemendur velja 1 af 2 námskeiðum

3. ár (20 ECTS)

Haust	ECTS
Stefnumótun og gerð viðskiptaáætlana	6
BS ritgerð	14
	20

Birt með fyrirvara um breytingar

Skipulag náms: BS viðskiptafræði - markaðssamskipti og samfélagsmiðlar

1. ár (80 ECTS)

Haust	ECTS	Vor	ECTS	Sumar	ECTS
Upplýsingatækni	4	Reikningshald I	6		
Hagnýt stærðfræði	6	Boðmiðlun og birtingarfræði	6		
Rekstrarhagfræði	6	Tölfræði	6		
Aðferðafræði	6	Þjóðhagfræði	6	Valnámskeið	6
Markaðsfræði 1	6	Mannauðsstjórnun og hlutverk leiðtoga	6	Valnámskeið	6
Framsækni - örugg tjáning	2			Misserisverkefni - verkefnastjórnun	8
	30		30		20

2. ár (80 ECTS)

Haust	ECTS	Vor	ECTS	Sumar	ECTS
Stafræn markaðssetning	6	Stjórnun samfélagsmiðla	6		
Neytendahegðun og markaðsrannsóknir	6	Stefnumiðuð stjórnun viðskiptatengsla (CRM)	6		
Fjármál I	6	Sjálfbærni og samfélagsábyrgð	6	Valnámskeið	6
Vörumerkjastjórnun	6	Markaðsfræði II	6	Valnámskeið	6
Tilgangur og eðli samfélagsmiðla	6	Þjónandi forysta og stjórnun	6	Misserisverkefni - verkefnastjórnun	8
	30		30		20

3. ár (20 ECTS)

Haust	ECTS
Stefnumótun og gerð viðskiptaáætlana	6
BS ritgerð	14
	20

Birt með fyrirvara um breytingar

Skipulag náms: BS viðskiptafræði – viðskiptagreind

1. ár (80 ECTS)

Haust	ECTS	Vor	ECTS	Sumar	ECTS
Upplýsingatækni	4	Reikningshald I	6		
Hagnýt stærðfræði	6	Stjórnunarbókhald	6		
Rekstrarhagfræði	6	Tölfræði	6		
Aðferðafræði	6	Þjóðhagfræði	6	Valnámskeið	6
		Mannauðsstjórnun			
Markaðsfræði 1	6	og	6	Valnámskeið	6
		hlutverk leiðtoga			
Framsækni - örugg tjáning	2			Misserisverkefni - verkefnastjórnun	8
	30		30		20

2. ár (80 ECTS)

Haust	ECTS	Vor	ECTS	Sumar	ECTS
Forritunarmál	6	Ákvörðunarfræði	6		
Stjórnarhættir fyrirtækja*	(6)	Breytingastjórnun	6		
Neytendahegðun og markaðsrannsóknir*	(6)	Sjálfbærni og samfélagsábyrgð	6	Valnámskeið	6
Fjármál I	6	Gervigreind	6	Valnámskeið	6
Gagnagrunnar	6	Þjónandi forysta og stjórnun	6	Misserisverkefni - verkefnastjórnun	8
Þjónustustjórnun	6				
	30		30		20

*Nemendur velja 1 af 2 námskeiðum

3. ár (20 ECTS)

Haust	ECTS
Stefnumótun og gerð við- skiptaáætlana	6
BS ritgerð	14
	20

Birt með fyrirvara um breytingar

Skipulag náms: BS viðskiptafræði – þjónustufræði

1. ár (80 ECTS)

Haust	ECTS	Vor	ECTS	Sumar	ECTS
Upplýsingatækni	4	Reikningshald I	6		
Hagnýt stærðfræði	6	Gæðamál og þjónusta	6		
Rekstrarhagfræði	6	Tölfræði	6		
Aðferðafræði	6	Þjóðhagfræði	6	Valnámskeið	6
Markaðsfræði 1	6	Mannauðsstjórnun og hlutverk leiðtoga	6	Valnámskeið	6
Framsækni - örugg tjáning	2			Misserisverkefni - verkefnastjórnun	8
	30		30		20

2. ár (80 ECTS)

Haust	ECTS	Vor	ECTS	Sumar	ECTS
Stafræn markaðssetning	6	Þjónandi forysta og stjórnun	6		
Nýsköpun og þróun stafrænnar þjónustu	6	Nýsköpun, stofnun og rekstur ferðaþjónustufyrirtækja*	(6)	Misserisverkefni verkefnastjórnun	- 8
Valnámskeið	6	Sjálfbærni og samfélagsábyrgð	6	Valnámskeið	6
Fjármál I	6	Markaðsfræði ferðaþjónustu og afþreyingar*	(6)	Valnámskeið	6
Þjónustustjórnun	6	Breytingastjórnun* Fjármál II*	(6) (6)		
	30		30		20

*Nemendur velja 3 af 4 námskeiðum

3. ár (20 ECTS)

Haust	ECTS
Stefnumótun og gerð viðskiptaáætlana	6
BS ritgerð	14
	20

Birt með fyrirvara um breytingar

Skipulag náms: BS viðskiptafræði – ferðapjónusta

1. ár (80 ECTS)

Haust	ECTS	Vor	ECTS	Sumar	ECTS
Upplýsingatækni	4	Reikningshald I	6		
Hagnýt stærðfræði	6	Nýsköpun, stofnun og rekstur ferðapjófyrirtækja	6		
Rekstrarhagfræði	6	Tölfræði	6		
Aðferðafræði	6	Þjóðhagfræði	6	Valnámskeið	6
Markaðsfræði 1	6	Mannauðsstjórnun og hlutverk leiðtoga	6	Valnámskeið	6
Framsækni - örugg tjáning	2			Misserisverkefni - verkefnastjórnun	8
	30		30		20

2. ár (80 ECTS)

Haust	ECTS	Vor	ECTS	Sumar	ECTS
Stafræn markaðssetning	6	Fjármál II*	(6)		
Ferðapjónusta og menning	6	Breytingastjórnun*	(6)		
Þjónustustjórnun	6	Sjálfbærni og samfélagsábyrgð	6	Valnámskeið	6
Fjármál I	6	Markaðsfræði ferðapjónustu og afþreyingar	6	Valnámskeið	6
Valnámskeið	6	Þjónandi forysta og stjórnun	6	Misserisverkefni verkefnastjórnun	8
	30	Valnámskeið	6		20

*Nemendur velja 1 af 2 námskeiðum

3. ár (20 ECTS)

Haust	ECTS
Stefnumótun og gerð viðskiptaáætlana	6
BS ritgerð	14
	20

Birt með fyrirvara um breytingar

Skipulag náms: BS viðskiptafræði – verkefnastjórnun

1. ár (80 ECTS)

Haust	ECTS	Vor	ECTS	Sumar	ECTS
Upplýsingatækni	4	Reikningshald I	6		
Hagnýt stærðfræði	6	Grunnur í verkefnastjórnun	6		
Rekstrarhagfræði	6	Tölfræði	6		
Aðferðafræði	6	Þjóðhagfræði	6	Valnámskeið	6
Markaðsfræði 1	6	Mannauðsstjórnun og hlutverk leiðtoga	6	Valnámskeið	6
Framsækni - örugg tjáning	2			Misserisverkefni - verkefnastjórnun	8
	30		30		20

2. ár (80 ECTS)

Haust	ECTS	Vor	ECTS	Sumar	ECTS
Straumlínustjórnun	6	Breytingastjórnun	6	Valnámskeið	6
Valnámskeið: Hagnýt lögfræði*	6	Sjálfbærni og samfélagsábyrgð	6	Valnámskeið	6
Stjórnarhættir fyrirtækja*		Áhættustjórnun	6	Misserisverkefni verkefnastjórnun	8
Neytendahegðun og markaðsrannsóknir*		Þjónandi forysta og stjórnun	6		
Fjármál 1	6	Valnámskeið	6		
Þjónustustjórnun	6				
Valnámskeið	6				
	30		30		20

*Nemendur velja 1 af 3 námskeiðum

3. ár (20 ECTS)

Haust	ECTS
Stefnumótun og gerð viðskiptaáætlana	6
BS ritgerð	14
	20

Birt með fyrirvara um breytingar

Lýsingar námskeiða

901.4.0.UPTN Upplýsingatækni

ECTS: 4

Kennari: Jón Freyr Jóhannsson

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á fyrsta ári, óháð áherslulínu.

Innihald og markmið

Námskeiðinu er ætlað að auka færni nemenda í notkun upplýsingatækni í námi og starfi. Megináhersla er á Microsoft Excel forrit til lausna á hagnýtum verkefnum á sviði stærðfræði, fjármála og reksturs auk almennrar meðhöndlunar gagna. Auk efnis sem er tilgreint í kennsluáætlun verða kynnt ýmis hugtök og viðfangsefni á sviði upplýsingatækni.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

- þekkja og geta útskýrt helstu hugtök og viðfangsefni á sviði upplýsingatækni
- greina á milli algengra lausnaraðferða þar sem töflureiknar eru notaðir
- beita helstu verkfærum töflureiknis (Excel) markvisst við fjölbreytt viðfangsefni tengd námi og starfi
- búa til líkön í Excel
- beita Word við markvissa uppsetningu ritgerða og skilaverkefna þ.m.t. að búa til heimildaskrár með aðferðum Word
- útbúa PowerPoint kynningar
- hafa tileinkað sér tímasparandi og hagnýtar aðferðir.

901.2.0.FRAM Framsækni - örugg tjáning

ECTS: 2

Kennari: Sigríður Arnardóttir

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á fyrsta ári, óháð áherslulínu.

Innihald og markmið

Hugmynd að námskeiðinu er sótt aftur til hins svokallaða Bifrastaranda, en áratugum saman útskrifuðust frá Bifröst nemendur sem urðu og eru forystufólk í atvinnulífinu og félagsmálafrömuðir. Margt fólk úr hópnum hefur nefnt að þjálfunin sem þau fengu á Bifröst, m.a í ræðustól og í félagsstörfum hafi nýst þeim einstaklega vel. Markmiðið með námskeiðinu er að vekja hinn gamla góða „Bifrastaranda“ sem svífur hér enn yfir vötnum. Við teljum að enginn skóli geti státað sig af eins miklu félagsstarfi í gegnum tíðina og Bifröst gerir.

Farið verður í eftirfarandi þætti:

1. Að tjá sig af öryggi
2. Koma vel fram í ræðustóli
3. Örugg framkoma á fundum og í fjölmiðlum – hvað einkennir þá bestu?
4. Að koma vöru og/eða þjónustu á framfæri
5. Samskiptafærni
6. Örugg framkoma – upptökur og verkefni
7. Hvað vil ég sem nemandi gera
8. Tjáning

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

- geta tjáð sig hnitmiðað og af öryggi
- geta nýtt sér fjölmiðla, ráðstefnur og aðra viðburði til að koma sér á framfæri
- hafa öðlast samskiptafærni
- geta undirbúið starfsferil sinn.

901.6.0.RHAG Rekstrarhagfræði

ECTS: 6

Kennari: NN

Önn og lengd: Haust, löng lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á fyrsta ári, óháð áherslulínu.

Innihald og markmið

Meginþættir rekstrarhagfræði og aðferðafræði hennar. Undirstöðuhugtök eins og framboð, eftirspurn og jafnvægi á markaði. Skoðuð áhrif stjórnvalda á niðurstöðu markaðar. Fjallað um skattlagningu og gildi alþjóðaviðskipta. Ytri áhrif á markaði og fjallað um almannagæði og sameiginlegar auðlindir. Starfsemi fyrirtækja, framleiðsluföll og kostnaðarföll. Gerð er ítarleg grein fyrir vali neytenda á markaði og áhrifum breytinga á verð og tekjur neytenda. Ólík samkeppnisskilyrði á markaði, fullkomin samkeppni, einkasala, fákeppni og einkasölusamkeppni, viðbrögð fyrirtækja við ólíkum aðstæðum. Gerð er grein fyrir framleiðsluáttum og mörkuðum fyrir vinnuafli og fjármagn. Fjallað um tengsl hagfræði við aðrar fræðigreinar, ósamhverfar upplýsingar, hagfræði stjórnmála og atferlishagfræði. Markmið námskeiðsins er að bjóða upp á yfirgripsmikið nám í grunnþáttum rekstrarhagfræði.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Pekking

Nemandi öðlast kunnáttu og skilning á helstu kenningum og hugtökum í námskeiðinu og skal geta miðlað kunnáttu sinni með því að geta skýrt út viðfangsefni námskeiðsins. Kunni skil á helstu lögmálum hagfræðinnar.

Hafi skilning á markaðsöflum og hvernig jafnvægi næst á mörkuðum.

Skilji aðstæður þegar markaður verður fyrir truflunum og hvernig gæðum er ráðstafað þegar markaður er ekki fyrir hendi.

Kunni skil á helstu kenningum um fyrirtækið, framleiðslu og kostnað og átti sig á starfsemi fyrirtækja á markaði.

Skilji helstu kenningar hagfræðinnar um áhrif skatta og tolla.

Geti lýst atferli neytenda gagnvart breytingum á markaðsverði og tekjubreytingum.

Leikni

Séu færir um að nýta sér kenningar rekstrarhagfræðinnar við töku ákvarðana.

Geti sett fram og fært sér í nyt hagnýt líkön í rekstrarhagfræði.

Hafi tök á að greina atferli neytenda og starfsemi fyrirtækja á markaði

Geti lýst verðstefnu fyrirtækja í ljósi kenninga rekstrarhagfræðinnar við ólík samkeppnisskilyrði á markaði.

Hæfni

Nemendur öðlist getu til að nýta hugtök, kenningar og aðferðir rekstrarhagfræði við greiningu hagrænna viðfangsefna.

Nemendur hafi nafi náð tökum á að leysa hagnýt verkefni sem snúa að starfsemi fyrirtækja á markaði og atferli neytenda.

Hafi þróað með sér hæfni og sjálfstæð vinnubrögð fyrir frekara nám á sviði hagfræði og viðskipta.

Námskeiðsupplýsingar síðast uppfærðar: 16.06.2016

901.6.0.ADFE Aðferðafræði

ECTS: 6

Kennari: Þóra Þorgeirsdóttir

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á fyrsta ári óháð áherslulínu.

Innihald og markmið

Inngangsnámskeið í aðferðafræði félagsvísinda. Helstu grunnhugtök aðferðafræði kynnt, uppbygging ritsmíða, námstækni, skipulagning við gerð stærri verkefna á borð við misserisverkefni.

Megináhersla er á að nemendur nái tókum á verkfærum sem nýtast í námi og starfi, við verkefnavinnu og úrlausn hagnýtra viðfangsefna. Þjálfun í akademískri ritun og nemendur kynnast ferlinu við undirbúning og framkvæmd verkefna (einkum misserisverkefna), val og afmörkun viðfangsefnis, framsetningu rannsóknarspurninga, rannsóknarmarkmiða og tilgátusmið.

Bæði meginlegar og eigindlegar rannsóknaraðferðir og fræðileg verkefnavinna og greining á fyrirliggjandi gagna kynnt. Þjálfun í gerð spurningalista, undirbúning fyrir viðtöl og tilviksrannsóknir (Case study), ýmsar gerðir vettvangsathugana (observation) ásamt gerð fræðilegra verkefna. Grunnatriði meginlegra rannsókna; uppbyggingu, fyrirlögn og úrvinnslu spurningakönnunar. Jafnframt er þjálfun í vönduðum vinnubrögðum við gerð rannsóknaráætlunar, gagnaöflun og notkun Zotero við heimildaskráningu, heimildaleit og kynningu á verkefnum. Öll þessi verkfæri verða tengd gerð misserisverkefna með verkefnavinnu námskeiðs.

Sérstök áhersla er á að nemendur verði meðvitaðir um siðferðileg álitamál rannsókna, s.s. höfundarétt, nafnleynd, meðferð og vernd persónugreinanlegra upplýsinga, takmarkanir rannsóknaraðferða (eðli þeirra og hvenær nýta skuli slíkar aðferðir í gagnaöflun), innra og ytra réttmæti og áreiðanleika rannsókna sem og starfsemi persónuverndar og Vísindasiðanefndar.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekking

- Skilja og geta gert grein fyrir helstu grunnhugtökum aðferðafræðinnar
- Getu útskýrt muninn á eigindlegum og meginlegum rannsóknaraðferðum og geta greint mun á ólíkum rannsóknarsniðum
- Skilja eðli fræðigreina og annars fræðilegs efnis og átta sig á muninum á fræðilegum texta og texta almenns eðlis
- Vera meðvituð um siðferðileg álitamál í rannsóknum

Færnimarkmið

- Tileinka sér fagleg vinnubrögð við val og mat á heimildum og öðlast þjálfun í heimildaleit og notkun gagnagrunna

- Hafa öðlast þjálfun í akademískri ritun (gerð fræðilegra verkefna) og geta gert greinarmun á fræðilegum texta og texta almenns eðlis
- Hafa öðlast þjálfun í lestri fræðigreina og greiningu á ólíkum tegundum heimilda
- Hafa náð tökum á beitingu ólíkra rannsóknaraðferða
- Geta gert rannsóknaráætlun og geta rökstutt val sitt á aðferð við gagnaöflun
- Geta skráð heimildir samkvæmt APA kerfinu
- Vera reiðubúin í að vinna stærri verkefni á borð við misserisverkefni

901.6.0.TÖLF Tölfræði

ECTS: 6

Kennari: Kári Joensen

Önn og lengd: Vor, löng lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á fyrsta ári, óháð áherslulínu.

Innihald og markmið

Nemendur kynnast undirstöðuatriðum líkindareiknings og tölfræði og verða færir um að beita tölfræðilegum aðferðum við túlkun gagna. Fjallað er um söfnun gagna með ólíkum úrtaksaðferðum og gerð grein fyrir nokkrum algengum skekkjuvöldum sem fylgja slíkum könnunum. Farið er yfir framkvæmd tilgátuprófa fyrir meðaltöl og hlutfallsstærðir og mat á öryggisbili fyrir slíkar stærðir. Einnig er fjallað um stikalaus tilgátupróf fyrir tölulegar breytur og tilgátupróf fyrir tengsl milli flokkabreyta. Fjallað um notkun línulegrar aðhvarfsgreiningar við gerð einfaldra og margvíðra spálíkana.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekking

- Nemendur eiga að þekkja algengustu gerðir lýsitalna og skilja ólíkra eiginleika þeirra
- Nemendur þurfa að þekkja frumsendur líkindafræðinnar
- Nemendur eiga að skilja forsendur tilgátuprófa og stikamats
- Nemendur eiga að þekkja forsendur línulegrar aðhvarfsgreiningar

Færnimarkmið

- Nemendur skulu geta sett fram upplýsingar byggðar á mæligögnum á skýran og lýsandi hátt.
- Nemendur eiga að vera færir um að reikna einfaldar, samsettar og skilyrtar líkur fyrir ýmsar tegundir slembibreyta.
- Nemendur eiga að geta lagt mat á áreiðanleika kannanna og geta tilgreint þá skekkjuvalda sem algengt er að hafi áhrif á hefðbundnar spurningakannanir.
- Nemendur skulu geta tilgreint öryggisbil fyrir meðaltöl og hlutfallsstærðir.
- Nemendur eiga að geta sett fram og framkvæmt tölfræðileg tilgátupróf.
- Nemendur skulu vera færir um að beita tölfræðilegum aðferðum við mat á valkostum og við ákvarðanatöku.
- Nemendur skulu geta mátað einfalt, línulegt aðhvarfslíkan við gögn, geta metið gæði líkansins og sett fram spágildi með skekkjumati.

901.6.0.THAG Þjóðhagfræði

ECTS: 6

Kennari: Árni Sverrir Hafsteinsson

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á fyrsta ári, óháð áherslulínu.

Innihald og markmið

Farið er yfir helstu kenningar, aðferðir og viðfangsefni þjóðhagfræðinnar. Nemendum gefin innsýn í meginviðfangsefni þjóðhagfræðinnar og þær aðferðir, kenningar og hugtök sem fræðin byggja á. Áhersla er einnig lögð á hagnýtt gildi námsefnisins með því að samtvína fræðin jafnóðum efnahagsumræðunni hérlendis og erlendis. Á efnisskrá er meðal annars eftirfarandi: Vísitölur og þjóðhagsreikningar; hagkerfið til skamms tíma; framleiðsla og eftirspurn; hagsveiflur og áhrif fjármála- og peningamálafestefnu; hagkerfið til meðal- og langs tíma; hagvöxtur og heildarframboð, verðbólga og væntingar; fjármála- og vinnumarkaðir; hagfræði opinna hagkerfa; gengismál og viðskiptajöfnuður; fjármálakreppur og hagkvæm myntsvæði.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi Þekking

- Nemendur eiga að þekkja grunnhugtök þjóðhagfræðinnar og geta gert grein fyrir helstu aðferðum og gögnum þjóðhagfræði.
- Nemendur eiga að skilja helstu hreyfiöfl efnahagslífsins og þekkja meginmarkmið peninga- og fjármálafestefnu opinna hagkerfa.
- Nemendur eiga að skilja og geta útskýrt gildi aðferða þjóðhagfræðinnar.

Færnimarkmið

- Nemendur eiga að hafa fengið þjálfun í beitingu aðferða þjóðhagfræði.
- Nemendur eiga að búa yfir færni í vali á þjóðhagfræðilegum aðferðum og geta rökstutt val sitt.
- Nemendur eiga að hafa fengið þjálfun í að tileinka sér tungumál hagfræðinnar til kynningar og framsetningar.

901.6.0.RHA1 Reikningshald I

ECTS: 6

Kennari: Einar Sigurjón Valdimarsson

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á fyrsta ári, óháð áherslulínu.

Innihald og markmið

Fjallað er um ársreikninga og fjárhagsbókhald þar sem lögð er áhersla á bæði fræðilega þáttinn sem og lagalega. Nemendur kynnst lykilatriðum reikningsskilafræðanna eins og hvað eru tekjur, kostnaður, eignir og skuldir. Lögð er áhersla á að geta gert sjálfstætt mat á ársreikningum. Ekki er kennd bókfærsla heldur er áhersla á að geta lesið og skilið ársreikninga og samhengi þeirra og bókhalds. Uppbygging á ársreikningi er skoðuð og hvernig þessi uppbygging myndar eina heild, þ.e. efnahagsreikningur, rekstrarreikningur, sjóðstreymi, skýringar og skýrsla stjórnar.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

- Skilja og geta gert grein fyrir mikilvægi ársreikninga á hlutabréfamarkaði fyrir fjárfesta og aðra hlutaðeigandi
- Skilja og geta auðkennt lykilatriði reikningsskilafræðinnar
- Skilja og geta útskýrt hlutverk reikningsskilafræðinnar við gerð ársreikninga
- Geta framkvæmt sjálfstætt mat á ársreikningi
- Þekkja og geta útskýrt virkni og tilgang alþjóðlegu reikningsskilastaðlana (IFRS)
Þekkja hvernig ársreikningur er uppbyggður og geta stillt upp einföldum ársreikningi
- Hafa gott “reikningsskila-læsi”

Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að geta tekið þátt í umræðu um forsendur, eðli og framsetningu ársreikninga sem og að geta lagt mat á innihald ársreiknings hvað varðar rekstur og efnahag. Sú innsýn er nemendur fá hvað varðar forsendur, eðli og framsetningu ársreikninga fyrir hlutafélög á að gera þeim kleift að taka þátt í umræðu og geta túlkað einfalda ársreikninga.

901.6.0.FJM1 Fjármál I

ECTS: 6

Kennari: Stefán Valgarð Kalmannsson

Önn og lengd: Haust, löng lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á öðru ári í BS í viðskiptafræði, óháð áherslulínu og skyldunámskeið á öðru ári í BS í viðskiptalögfræði.

Innihald og markmið

Farið er yfir mismunandi aðferðir við mat á verkefnum/fjárfestingavalkostum með það fyrir augum að kanna arðsemi þeirra. Hvernig forgangsraða má ólíkum valkostum fjárfestinga út frá arðsemi og áhættu. Farið er yfir áhrif verðbólgu og skatta á arðsemi fjárfestingavalkosta. Núvirðing fjárfestingavalkosta, núvirðing hluta- og skuldabréfa ásamt áhættu- og næmigreiningu slíkra valkosta. Mat á áhættu og samspil áhættu og viðeigandi ávöxtunarkröfu. Skilvirkni markaða og inngangur að langtímafjármögnun

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekking

- Nemendur eiga að geta gert grein fyrir helstu hugtökum arðsemisgreiningar.
- Nemendur eiga að geta beitt helstu aðferðum við mat fjárfestingavalkosta og takmörkun hverrar aðferðar fyrir sig.
- Nemendur eiga að geta útskýrt tengsl ávöxtunar og áhættu

Færnimarkmið

- Nemendur eiga að geta reiknað framtíðarvirði (FV), núvirði (PV) og nettó núvirði (NPV)
- Nemendur eiga að geta stillt upp greiðsluflæði og metið arðsemi.
- Nemendur eiga að geta reiknað út ávöxtunarkröfu verkefna/fjárfestingavalkosta miðað við mismunandi áhættu og fjármagnsskipan.

902.6.0.INEN, Innovation and Entrepreneurship

ECTS: 6

Kennari: NN

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Enska

Valnámskeið í öllum línnum á grunnnámsstigi.

Aims and description

The aim of the course is to introduce entrepreneurial and innovative thinking to stimulate participants to be creative and to master the basics in writing business plans. Theories of entrepreneurship and innovation will be introduced and how they can be applied. Social entrepreneurship and its importance for societies will be presented and case studies discussed. Social entrepreneurship not only generates entrepreneurial or corporate income but also aims for solving societal problems, generating social wealth. Entrepreneurship in the context of genders and sustainability will also be emphasised.

The evaluation in the course is 100% based on projects, where students come up with new business ideas which they then evaluate and develop over the timeframe of the course. The groups are taken through creative thinking, helping them to come up with new business ideas in cooperation with their peers. A simple business plan will be written around the ideas. The results are presented to the peers, instructors and potential investors (if applicable). The course addresses therefore both a theoretical perspective of innovation and entrepreneurship and a practical training, giving students a hands-on experience related to innovation and entrepreneurship.

Learning outcomes – by end of course a student shall show capability in the following

Knowledge - Skills – Competence (Icelandic: þekking, leikni, hæfni)

Knowledge: After completion of the course the students shall be able to:

- A. apply the basic concepts of innovation and entrepreneurship
- B. explain what social entrepreneurship is

Skills: After completing the course students shall be able to:

- C. discuss new opportunities applying a creative approach
- D. exchange ideas related to innovation and entrepreneurship and discuss challenges

Competences: After completing the course students shall be able to:

- E. writing simple business plans
- F. communicating their business ideas.

902.6.0.REKA, Rekstraráætlanir I

ECTS: 6

Kennari: Ingólfur Arnarsson og Stefán Valgarð Kalmansson

Önn og lengd: Breytilegt

Forkröfur: Reikningshald I og hafa lokið 60 ECTS á háskólastigi

Tungumál: Íslenska

Valnámskeið í BS í viðskiptafræði, óháð áherslulínu.

Innihald og markmið

Námskeið í Rekstraráætlunum byggir á reynslunámi (experiential learning) með áherslu á að þjálfar nemendur í að eiga við rauntíma vandamál (problem solving approach). Í námskeiðinu er nemendum skipt í þverfaglega hópa sem velja sér eða fá úthlutað starfandi fyrirtækjum til greiningar. Fyrirtæki eru ólík og síbreytileg frá einum tíma til annars og tekur námskeiðið mið af því. Nauðsynlegt er að nemendur hafi tök á að heimsækja eitt eða fleiri fyrirtæki. Ekki er byggt á fyrirlestrum heldur vinnu nemenda með fyrirtækin og rekstrarumhverfi þeirra. Námskeiðið hentar þeim sem vilja kynna sér raunverulegan rekstur og einnig þeim sem hafa hug á að stofna fyrirtæki. Sem stendur (maí 2016) standa að námskeiðinu um 30 fyrirtæki á Vesturlandi ásamt Háskólanum á Bifröst .

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

-
- Leggja mat á rekstur raunverulegs fyrirtækis
- Hafa þekkingu á helstu kennitölum rekstrar og beitingu þeirra
- Hafa skilning á félagslegum og lagalegum ramma fyrirtækjanna, takmörkunum og möguleikum
- Hafa þekkingu til þess að búa til einfaldar rekstraráætlanir.

902.8.0.2REÁ, Rekstraráætlanir II

ECTS: 8

Kennari: Ingólfur Arnarson

Önn og lengd: Breytilegt

Forkröfur: Rekstraráætlanir I

Tungumál: Íslenska

Valnámskeið í BS í viðskiptafræði, óháð áherslulínu.

Innihald og markmið

Kennsla í Rekstraráætlunum byggir á reynslunámi (experiential learning) og áhersla er lögð á að þjálfarar nemendur í að eiga við raunveruleg rauntíma vandamál (problem solving approach). Í samvinnu við smá og meðalstór fyrirtæki á Vesturlandi fá nemendur Háskólans á Bifröst þjálfun í að nýta sér sína fræðilegu þekkingu í atvinnulífinu og öðlast þar með forskot. Námskeiðið byggir á Rekstraráætlunum I og er æskilegt að nemendur hafi lokið því. Í námskeiðinu taka nemendur að sér raunveruleg verkefni og leysa þau í samvinnu við fyrirtækin og leiðbeinendur. Nauðsynlegt er að nemendur hafi tök á því að heimsækja fyrirtækin. Sem stendur (maí 2016) standa að námskeiðinu um 30 fyrirtæki á Vesturlandi ásamt Háskólanum á Bifröst.

Rekstraráætlanir II byggir á reynslunámi (experiential learning) og er áhersla lögð á að þjálfarar nemendur í að vinna raunveruleg verkefni ásamt úrlausn ýmissa vandamála (problem solving approach).

Í samvinnu við fyrirtæki á Vesturlandi fá nemendur Háskólans á Bifröst þjálfun í að beita sinni fræðilegu þekkingu til þess að leysa raunverulegt verkefni í samvinnu við fyrirtæki. Sem stendur eru 30 fyrirtæki á Vesturlandi ásamt Háskólanum á Bifröst aðili að Rekstraráætlunum. Verkefnin geta því verið af ýmsu tagi og frá ýmsum geirum atvinnulífsins; fiskiðnaður, ferðaþjónusta, bændabýli, smásöluverslanir svo eitthvað sé nefnt.

Verkefnið sem nemendur vinna að, undir handleiðslu kennara, verður sérstaklega valið í samvinnu við nemendur. Nemendur vinna saman sem hópur og æskilegt er að þeir hafi tök á því að heimsækja fyrirtækið.

Verkefnið er í boði fyrir nemendur í grunnnámi í viðskipta- og lagadeild sem lokið hafa fyrsta ári náms (a.m.k. 60 ECTS einingum). Verkefnið færir á feril nemenda sem valnámskeið (8 ECTS) eða kemur í staðinn fyrir **Misserisverkefni** (8 ECTS).

Sækja þarf um þátttöku í verkefninu og verður fyrirkomulagið kynnt í byrjun lotu 1. Einungis sex nemendur fá tækifæri að taka þátt í þessu verkefni og horft er til jafnarar skiptingar á milli viðskipta- og lagadeildar.

102.6.0.HSTA Hagnýt stærðfræði

ECTS: 6

Kennari: Jón Freyr Jóhannsson

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Forkrófur: Almenn stærðfræði framhaldsskóla/háskólagáttar.

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á fyrsta ári, óháð áherslulínu.

Innihald og markmið

Námskeiðið veitir grunn fyrir áframhaldandi nám í fjármálum og hagfræði. Farið er í grunnatriði línulegra og ólínulegra falla og aðferðir við lausn þeirra. Stærðfræði fjármála, prósentur og vaxtavextir ásamt framtíðar- og núvirðisútreikningum. Farið er yfir aðferðir diffrunar til háþörkunar og lágþörkunar með og án hliðarskilyrða og diffrun falla með mörgum breytistærðum, aðferð Lagrange kynnt. Fylkjareikningur og helstu aðferðir línulegrar algebru kynntar.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

- geta fundið lausnir línulegra og ólínulegra falla og jöfnuhneppa
- geta leyst fjármálaleg viðfangsefni varðandi prósentu og vaxta útreikning.
- geta leyst háþörkunardæmi með eða án hliðarskilyrða
- geta leyst háþörkunardæmi með einni eða fleiri breytistærðum
- geta hagnýtt sér stærðfræði til lausnar hagrænna vandamála

102.6.0.HLOG, Hagnýt lögfræði

ECTS: 6

Kennari: Unnar Steinn Bjarndal Björnsson

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á fyrsta ári, almenn lína.

Innihald og markmið

Í námskeiðinu verður farið yfir helstu grundvallaratriði í almennri lögfræði og þau réttarsvið lögfræðinnar sem eru mikilvægust í viðskiptalífínu:

Kauparéttur – hvaða reglur gilda um kaup og sölu á vörum og þjónustu.

Félagaréttur – helstu atriði félagaréttar og félagasform og hvað skilur á milli þeirra.

Vinnuréttur – helstu atriði vinnuréttar, þar á meðal réttindi og skyldur á vinnumarkaði, starfsemi stéttarféлага, vinnudeildur og ágreining á vinnumarkaði, orlof og lífeyri og hvernig standa eigi að ráðningum og uppsögnum.

Samningaréttur – helstu atriði samningaréttar, þar á meðal hvernig samningar stofnast og helstu ógildingarástæður. Þá verður farið yfir grunnatriði í samningatækni.

Skaðabótaréttur – helstu atriði skaðabótaréttar, þar á meðal grundvallarþætti sakarreglunnar, hlutlæga ábyrgð og vinnuveitendaábyrgð.

Evrópuréttur – helstu grundvallarþætti réttarkerfis Evrópusambandsins (ESB) og tengsl Evrópuréttar og íslensk réttar í gegnum EES-samninginn.

Verðbréfamarkaður – helstu gildandi reglur verðbréfamarkaðar og starfsemi kauphalla.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

- þekkingu á þeim reglum og sviðum lögfræðinnar sem námskeiðið tekur til.
- færni til beitingar þessara reglna við raunverulegar aðstæður og skilning á eðli þeirra og tilgangi.
- öðlast þekkingu á þeim lagareglum sem gilda um viðskipti og atvinnulíf
- öðlast skilning á eðli þeirra og tilgangi
- færni til að beita lögnum við raunverulegar aðstæður.

102.6.0.STEV, Stefnumótun og gerð viðskiptaáætlana

ECTS: 6

Kennari: Reynir Kristinsson

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á þriðja ári í BS í viðskiptafræði, óháð áherslulínu.

Innihald og markmið

Námskeiðið skiptist í þrjú meginþætti. Í fyrsta hluta er fjallað um mismunandi nálgun við stefnumótun einnig ytri og innri þætti sem ganga inn í stefnumótun fyrirtækja. Í öðrum hluta er rætt um mótun stefnu afkomueininga og samstæðu. Einnig er fjallað um ytri vöxt með sameiningum og stefnu utan heimalands. Í þriðja hluta er fjallað um innleiðingu stefnunnar með skipulagi og stjórnun. Að auki er fjallað um vinnslu og gerð viðskiptaáætlana.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

- hafa öðlast þekkingu á mismunandi nálgun við stefnumótun og mótun stefnu á mismunandi stjórnstigum og þeim þáttum sem taka þarf tillit til við mótun stefnu rekstrareininga eða samstæðu.
- skynja tengsl milli stefnumótunar og stjórnunar fyrirtækja.
- geta gert grein fyrir kenningum fræðimanna um aðferðir við stefnumörkun og stjórnun skipulagsheilda og atvinnugreina, einkum forsendum og takmörkunum kenninga og aðferða.
- Vera færir um að skilgreina og afmarka vandamál námsefnisins, fjalla á gagnrýnan hátt um núverandi kenningar og aðferðir, að geta notfært sér aðferðir þar sem það á við og aðlagð og þróað viðteknar aðferðir þar sem nauðsynlegt reynist.
- Hafa öðlast víðsýni gagnvart námsefninu, þ.e. að véfengja á gagnrýnan og skapandi hátt viðteknar skoðanir og viðmið skipulagsheilda, atvinnulífs og þjóðfélagsins um hvað séu réttar aðferðir við stjórnun og lausn viðfangsefna er varða stefnumótun.

102.6.0.FJM2, Fjármál II

ECTS: 6

Kennari: Stefán Valgarð Kalmannsson

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Forkrófur: Fjármál I mjög æskilegt

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á öðru ári í BS í viðskiptafræði. Valnámskeið í öðrum línnum.

Innihald og markmið

Námskeiðið er framhald af fjármálum I en saman ná áfangarnir yfir það sem kallast „Corporate Finance“. Þessir tveir áfangar eiga að gefa heildstætt fræðilegt yfirlit um fjármál fyrirtækja. Haldið er áfram með kennslubókina og fyrst farið í skilvirkni markaða og síðan farið vel yfir fræðin varðandi fjármögnun fyrirtækja. Þættir eins og fjármagnsskipan fyrirtækja, arðgreiðslustefna, fjármagnsmarkaðir og skráning verðbréfa. Leiguformið við fjárfestingar skoðað og í framhaldi af því fjármálaafurðir (afleiður). Áhrif ákvarðana á fjárhag og rekstur fyrirtækja. Farið í stjórnun veltufjármuna, greiðsluflæði og greiðslustjórnun. Endað á því að fjalla um samruna og yfirtökur, hvernig takast á við fjárhagslega erfiðleika og fjármálastjórnun í alþjóðlegu umhverfi.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekking

- Nemendur eiga að geta grein fyrir hlutverki fjármálastjórnunar í fyrirtækjum og mikilvægi hennar.
- Nemendur eiga að hafa grunnþekkingu á leiðum varðandi fjármögnun fyrirtækja
- Nemendur eiga að kunna skil á megininntaki fjármálaafurða og notkun þeirra.
- Nemendur eiga að geta greint kostnað og ávinning af mismunandi stjórnun veltufjármuna.
- Nemendur eiga að hafa grunnþekkingu á aðferðum við samruna og yfirtökur fyrirtækja og þeim helstu fjármálalegu þáttum sem skipta fyrirtæki máli í alþjóðlegu umhverfi.

Færnimarkmið

- Nemendur eiga að hafa skilning á skilvirkni markaða og geta útskýrt hvaða áhrif mismunandi skilvirkni getur haft á stefnu og stjórnun fyrirtækja.
- Nemendur eiga að geta túlkað áhrif helstu ákvarðana á fjárhag og rekstrarafkomu fyrirtækja og metið fjárhagslega stöðu út frá greiningum.
- Nemendur eiga að búa yfir færni til að meta áhrif mismunandi fjármagnssamsetningar fyrir fyrirtæki og valkosti við útvegum fjármagns.

Nemendur eiga að geta útskýrt tilgang og eðli mismunandi fjármálaafurða. Nemendur eiga að búa yfir færni til að meta og skýra helstu valkosti við stjórnun veltufjármuna.

102.6.0.VINS, Vinnusálfræði

ECTS: 6

Kennari:

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á öðru ári í BS í viðskiptafræði almennri línu og BS í viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti.

Innihald og markmið

Skoðuð er hegðun einstaklinga í skipulagsheildum og hvernig skipulagsheildin hefur áhrif á starfsfólk. Fjallað er meðal annars um sálfræðilegar kenningar og aðferðir til að vinna með hugsanir, hegðun, líðan og viðhorf í skipulagsheildum. Einnig er lögð áhersla á ýmsa þætti sem snúa að starfslífi og starfsumhverfi.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

- Þekkja hvernig má þróa aðferðir til að auka vellíðan starfólks
- Geta skilgreint hvernig vinnusálfræðin getur hjálpað til við að bæta frammistöðu starfsfólks
- Læra um hvernig vinnusálfræðin getur hjálpað til við starfsmannaráðningar
- Læra um hvernig vinnusálfræðin hjálpar einstaklingum að aðlagast og passa vel í starfsmannahópinn
- Geta útskýrt hvernig vinnusálfræðin getur hjálpað til við að skipuleggja vinnuumhverfið

102.6.0.MSHL Mannauðsstjórnun og hlutverk leiðtogans

ECTS: 6

Kennari: Haraldur Daði Ragnarsson

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á fyrsta ári, óháð áherslulínu.

Innihald og markmið

Námskeiðið er grunnnámskeið í mannauðsstjórnun og um leiðtoga. Farið verður yfir helstu lykilatriði mannauðsstjórnunar í fyrirtækjum og opinberum stofnunum. Meðal annars verður fjallað um starfsánægju, starfsmannaval, frammistöðumat, starfsmannaviðtöl og þjálfun starfsfólks. Sálfræðilegi samningurinn verður útskýrður og ýmis vandamál sem upp geta komið á vinnustað verða rædd. Fjallað verður um stefnumótun í starfsmannamálum, öflun nýrra starfsmanna, starfsþróun og starfsmat, viðbrögð við ófullnægjandi frammistöðu og brotum í starfi. Sérstök áhersla verður lögð á tengingu við leiðtogafræði og hlutverk leiðtogans í mannauðsstjórnun.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekking

- Skilja mikilvægi mannauðsstjórnunar
- Skilja helstu lykilatriði mannauðsstjórnunar
- Þekkja helstu kenningar í mannauðsstjórnun
- Skilja mikilvægi hvatningar og boðmiðlunar í vinnuumhverfi
- Þekkja hvernig stjórnendur geta nýtt sér mannauðsstjórnun á árangursríkan hátt
- Þekkja til helstu kenninga í leiðtogafræðunum

Færni:

- Geta sett fram stefnu í starfsmannamálum þar sem tekið er mið af þörf fyrir mannafla, starfsþróun, öryggi og vellíðan starfsmanna.
- Vera færir um að kynna starfsmannastefnu og útskýra hvernig hún verður leidd áfram innan tiltekinnar stofnunar eða einingar.
- Hafa þróað faglega færni til að ræða helstu líkön/hugtök og kenningar um mannauðsstjórnun
- Hafa þróað með sér uppbyggilega gagnrýni gagnvart metsölubókum og leiðtogum
- Hafa þróað gagnaöflunarfærni og framsetningu (kynningu) efnis og þátttöku í fiskabúrinu

102.6.0.ÞJÓF Þjónandi forysta og stjórnun

ECTS: 6

Kennarar: Sigrún Gunnarsdóttir, Sigurður Ragnarsson

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á öðru ári, óháð áherslulínu

Innihald og markmið

Markmið námskeiðsins er að nemendur þekki grunnþætti stjórnunar og forystu og sérstaklega hugmyndafræði þjónandi forystu með áherslu á fyrsta rit Robert K. Greenleaf (2008). Einnig verður komið inná hlutverk stjórnandans og nokkrar aðrar kenningar innan forystufræðanna, sérstaklega þær sem tengjast þjónandi forystu.

Nemendur fá tækifæri til að skoða og þróa þekkingu sína og skilning á leiðtogahlutverkinu. Fjallað verður um rannsóknir um þjónandi forystu og hagnýtingu þjónandi forystu í fyrirtækjum, félögum og stofnunum. Með þátttöku í námskeiðinu er gert ráð fyrir að nemendur öðlist innsýn í forystukenningar, hlutverk stjórnandans og hagnýtingu þjónandi forystu í fyrirtækjum og stofnunum. Einnig er miðað við að nemandi kunnir að rýna í og greina frá árangri þjónandi forystu samkvæmt reynslu fyrirtækja og stofnana og samkvæmt nýjum rannsóknum um efnið hér á landi og erlendis.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

- Þekkja og skilja helstu forystukenningar og hlutverk stjórnandans.
- Þekkja grunnhugtök þjónandi forystu skv. Robert K. Greenleaf.
- Hafa innsæi í hugmyndafræði þjónandi forystu skv. Robert K. Greenleaf.
- Þekkja áherslur og aðferðir fyrirtækja og stofnana sem nýta þjónandi forystu.
- Geta beitt gagnrýnni aðferð til að rýna í og greina forystu og stjórnun í ljósi þjónandi forystu á raunverulegum vettvangi.
- Geta rökstutt áætlun um nýtingu þjónandi forystu á raunverulegum vettvangi.
- Hafa hæfni til að túlka og kynna fræðilega þekkingu um stjórnun og forystu í ljósi þjónandi forystu.
- Hafa hæfni til að túlka og kynna áherslur, aðferðir og niðurstöður rannsókna um stjórnun og forystu í ljósi þjónandi forystu.
- Hafa hæfni til að setja fram áætlun um nýtingu þjónandi forystu á raunverulegum vettvangi.

102.6.0.SBOK Stjórnunarbókhald

ECTS: 6

Kennari: Árni Sverrir Hafsteinsson

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á fyrsta ári, almenn lína.

Innihald og markmið

Farið er yfir mikilvægustu þætti reikningshalds og notkun þeirra sem stjórnækis við ákvarðanatöku, eftirlit og áætlanagerð.

Meðal efnis er: kostnaðarbókhald og skýrslukerfi, kostnaðargreiningar vegna fjárfestinga og ákvarðanatöku, fráviksgreiningar, CPV-greiningar og samstæðureikningsskil. Ennfremur verður farið í sölu-, framleiðslu-, innkaups- og sjóðsáætlanagerð.

Líta ber á námskeiðið sem framhald Reikningshalds I.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

- Að þekkja helstu hugtök og aðferðir í stjórnunarbókhaldi
- Að þekkja til tengingar stjórnunarbókhalds og ákvarðanatöku.
- Að sjá tengingu við reikningshald fyrirtækja og innra bókhald.
- Að geta stillt upp og metið einfalda framlegðarkosti.
- Að geta notað “bestu” aðferðir til að ákvarða kostnaðarverð vöru eða þjónustu.

102.6.0.NYSF Nýsköpun, stofnun og rekstur ferðaþjónustufyrirtækja

ECTS: 6

Kennari: Einar Svansson, Jón Snorri Snorrason, Árni Sverrir Hafsteinsson

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið í BS í viðskiptafræði með áherslu á ferðaþjónustu á fyrsta ári.

Innihald og markmið

Markmið að skoða sögu ferðaþjónustu alþjóðlega og hér á landi. Lögð er áhersla á nýjustu strauma og stefnur í þróun og uppbyggingu ferðaþjónustu innanlands sem utan. Kennar eru aðferðir við þróun nýrrar þjónustu og fyrirtækja. Undirbúa nemendur í að móta og vinna úr viðskiptahugmyndum og setja þær fram með formlegum hætti með gerð viðskiptaáætlana. Að stofna og reka fyrirtæki þarf að byggja á skýrri sýn á þeirri viðskiptahugmynd sem ætlunin er að gera að veruleika, ásamt því að útfæra einstaka hluta með vönduðum hætti. Með fókus á stofnun og rekstur fyrirtækja í ferðaþjónustu verða skoðuð helstu atriði er snúa að skipulagi og stjórnun, markaðsmálum og fjármálum, helstu leiðir til að meta tilgang, tækifæri og ógnanir, markaðsáherslur og fjárhagslegar forsendur. Leiðir til fjármögnunar verða kortlögð og aðkoma fjárfesta. Að nokkru leyti felst markmið áfangans í að samþætta ýmsa hluta námsins þannig að þeir fái hagnýtt gildi fyrir raunveruleg viðfangsefni.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

- skilji grunnhugtök vöruþróunar og nýsköpunar
- geti greint vöruþróun ferðaþjónustufyrirtækja
- skilji helstu aðferðir við þróun nýrrar þjónustu
- öðlist færni í notkun aðferða vöruþróunar og nýsköpunar með greiningu raundæma úr ferðaþjónustu og með hönnun og uppsetningu eigin hugmynda um nýja þjónustu
- þekki ferlið frá viðskiptahugmynd til útfærðra áætlana um stofnun og rekstur fyrirtækja.
- skilji og geti útskýrt uppbyggingu og tilgang viðskiptaáætlana.
- kunni skil á einstökum atriðum við stofnun og rekstur fyrirtækis og geri sér grein fyrir helstu vörðum á þeirri leið.
- öðlist færni í að skilgreina virðisauka þeirrar vöru eða þjónustu sem unnið er með, leiðir til markaðssetningar og setja hugmyndinni fjárhagsforsendur með þeim aðferðum sem byggja þarf á við gerð viðskiptaáætlana.
- öðlist færni í að vinna og leggja fram vel mótaðar áætlanir og geti tileinkað sér tæki og tól sem nota þarf í því skyni.

102.6.0.SKOR Skipulagsheildir og stjórnun

ECTS: 6

Kennari: Jón Snorri Snorrason

Önn og lengd: Sumar, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Valnámskeið á fyrsta ári, óháð áherslulínu.

Innihald og markmið

Fjallað er um skipulagsheildir, einkenni, uppbyggingu og helstu áhrifaþætti skipulagsheilda.

Kynnt og rædd eru viðfangsefni í stjórnun skipulagsheilda með tilliti til rekstrarumhverfis og breytinga í atvinnulífi. Fjallað um stjórnskipulag og ytra umhverfi fyrirtækja og stofnana. Gerð er grein fyrir skipulagi ólíkra skipulagsheilda og lífskeið þeirra skoðað.

Ákvarðanatökufæri í skipulagsheildum og fjallað um samskipti innan skipulagsheilda í tengslum við stefnu og stefnumótun. Farið yfir helstu atriði í þekkingar- og breytingarstjórnun ásamt áhrifum fyrirtækjamenningar.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekking

- Útskýra skipulagsheildir fræðilega og helstu hagsmunaaðila þeirra
- Þekkja til rannsóknaraðferða á sviði skipulagsfræða
- Lýsa skipulagseinkennum fyrirtækja og metið hvenær þau henta best
- Úskýra hvernig umhverfi fyrirtækja og stofnana móti skipulag þeirra
- Fjalla um tengsl stefnumótunar og hönnunar skipulags í skipulagsheildum
- Skilja mikilvægi stjórnunar í skipulagsheildum
- Átta sig á mikilvægi hönnunar á skipulagi

Leikni

- Beita gagnrýnum aðferðum við greiningu skipulagsheilda
- Greina og leggja mat á skipulag (skipurit) út frá fræðum í hönnun skipulagsheilda
- Taka og rökstyðja ákvarðanir með lausnir í huga
- Greina tengsl stefnumótunar og skipulags

Hæfni

- Vinna sjálfstætt og skipulega í verkefnavinnu
- Taka virkan þátt í samstarfi í hópstarfi
- Túlka og kynna fræðilega atriði og niðurstöður á sviði skipulagsfræða
- Velja viðeigandi aðferð við hönnun skipulagsheildar út frá aðstæðum.

Grunnur í verkefnastjórnun

ECTS: 6

Kennari: Dr. Eðvald Möller

Önn og lengd: Vor, lota 1, 1. ár.

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í grunnnám.

Skyldunámskeið í BS í viðskiptafræði með áherslu á verkefnastjórnun.
Valnámskeið í öðrum námslínum.

Námskeiðslýsing:

Í námskeiðinu er viðfangsefnið lífshlaup og einkenni verkefna, markmið, verkgreining, sundurliðun verkþátta og flæðirit, áætlanagerð, aðfangastýring, lágmörkun verkefnatímans, áhættustýring, verkkaupin, verkefnastjórnin, verkefnateymið, hagaðila og samspil allra þessara þátta. Hvernig velja á milli verkefna?

Nýttir verða fjölbreyttir kennsluhættir; fyrirlestrar, umræður, verkefnavinna, þar sem leitast er við að ýta undir áhuga, virkni og þátttöku nemenda.

Hæfniviðmið:

Þekking; í því felst að nemandi þekki

- helstu kenningar, hugtök og aðferðir í verkefnastjórnun
- ferli áætlanagerðar á sviði verkefnastjórnunar
- helstu þætti í verkefnastjórnun

Leikni; er fólgin í að nemendur geti:

- framkvæmt algengar greiningar og notað mismunandi verkfæri við verkefnastjórnun
- unnið að ýmsum lausnum tengdum verkefnastjórnun
- unnið við hönnun, áætlunargerð, skipulagningu og eftirliti í verkefnum

Hæfni; er fólgin í getu nemenda til að:

- leggja mat á algengar aðgerðir í verkefnastjórnun
- starfa við verkefnastjórnun innan fyrirtækja og stofnana

Straumlínustjórnun

ECTS: 6

Kennari: Dr. Eðvald Möller

Önn og lengd: Haust, lota 1, 2. ár.

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í grunnnám.

Skyldunámskeið í BS í viðskiptafræði með áherslu á verkefnastjórnun.
Valnámskeið í öðrum námslínnum.

Markmið námskeiðsins er tvíþætt. Í fyrsta lagi að kynna fyrir nemendum helstu kenningar og aðferðir sem þróaðar hafa verið á sviði straumlínustjórnunar. Hins vegar að nemendur öðlist góðan skilning á verkfærakistu straumlínustjórnunar eins og, 5S, VSM, PDSA og A3 sem og hvað þurfi að vera til staðar til að innleiðingu straumlínustjórnunar (LEAN) verði árangursrík og nái fótfestu.

Nýttir verða fjölbreyttir kennsluhættir; fyrirlestrar, umræður, verkefnavinna, þar sem leitast er við að ýta undir áhuga, virkni og þátttöku nemenda.

Hæfniviðmið

Þekking; í því felst að nemandi þekki

- helstu kenningar, hugtök og aðferðir í straumlínustjórnun
- ferli straumlínustjórnunar
- verkfærakistu straumlínustjórnunar

Leikni; er fólgin í að nemendur geti:

- framkvæmt algengar greiningar og notað verkfæri straumlínustjórnunar
- unnið að ýmsum lausnum tengdum straumlínustjórnun
- beitt aðferðum straumlínustjórnunar í verkefnum

Hæfni; er fólgin í getu nemenda til að:

- leggja mat á algengar aðgerðir í straumlínustjórnun
- starfa við straumlínustjórnun innan fyrirtækja og stofnana
- framkvæma greiningu með aðferðum straumlínustjórnunar
- framkvæma greiningu með verkfærakistu straumlínustjórnunar

Áhættustjórnun

ECTS: 6

Kennari: Dr. Eðvald Möller

Önn og lengd: Vor, lota 2, 2. ár.

Tungumál: Íslenska og enska

Forkröfur: Almennar inngöngukröfur í grunnnám.

Skyldunámskeið í BS í viðskiptafræði með áherslu á verkefnastjórnun.
Valnámskeið í öðrum námslínnum.

Námskeiðslýsing:

Í námskeiðinu er áhættustjórnun skilgreind og farið í þær aðferðir sem þróaðar hafa verið á sviði áhættustjórnunar. Nemandinn öðlist færni í áhættustjórnun sem er kerfisbundin aðferð sem beitt er þvert á líftíma verkefna til að greina, upplýsa og ákvarða hvernig skuli bregðast við tækifærum og ógnunum sem viðkomandi verkefni stendur frammi fyrir á leiðinni að settum markmiðum. Í öðru lagi hvernig hægt er að lágmarka áhættu með mótvægisáðgerðum sem er ríkur þáttur í nútímaverkefnum.

Nýttir verða fjölbreyttir kennsluhættir; fyrirlestrar, umræður, verkefnavinna, þar sem leitast er við að ýta undir áhuga, virkni og þátttöku nemenda.

Hæfniviðmið:

Þekking; í því felst að nemandi þekki

- helstu kenningar, hugtök og aðferðir í áhættustjórnun
- ferli verkfæra á sviði áhættustjórnunar og greiningar
- helstu þætti mótvægisáðgerða við áhættu

Leikni; er fólgin í að nemendur geti:

- framkvæmt algengar greiningar og notað mismunandi verkfæri við áhættustjórnun
- unnið að ýmsum lausnum tengdum áhættustjórnun
- unnið við greiningu og vali á mótvægisáðgerðum

Hæfni; er fólgin í getu nemenda til að:

- leggja mat á áhættu í verkefnum
- draga úr áhættu með greiningu

102.6.0.HALI, Hagvöxtur og lífskjör

ECTS: 6

Kennari: NN

Önn og lengd: Sumar, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Valnámskeið á fyrsta ári.

Innihald og markmið

Markmið Fjallað er um þróun hagfræði sem fræðigreinar gegnum aldirnar allt frá búauðgis- og kaupauðgisstefnunum.

Fjallað er um klassíska hagfræði eins og hún þróaðist á 19. öld. Framlag Keynes frá 1936 verður sérstaklega tekið fyrir sem og endurnýjun hinnar klassísku hagfræði síðar á öldinni.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

- geta gert grein fyrir þróun hagfræðinnar sem fræðigreinar.
- greint forsendur og áhrif meginkenninga í sögu hagfræðinnar.
- öðlast skilning á og geta fjallað með upplýstum hætti um ólíkar stefnur í hagfræðilegum kenningum og tengslþeirra við lífskjör og almannahag.
- færni til að setja fram og beita helstu kenningum hagfræðinnar við greiningu á efnahagslegum viðfangsefnum.

102.6.0.INTB, International Business (Alþjóðaviðskipti)

ECTS: 6

Kennari: Ingólfur Arnarson

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Enska

Valnámskeið í BS í viðskiptafræði, óháð áherslulínu.

Aims and description The course covers the basic topics of international business. A strong emphasis is placed on the impact of cultural, ethical, political, and other environmental factors on the management of multinational operations. Examination of business opportunities in the international forum and influences of the foreign environment on the firm's strategy, structure and management style.

Learning Outcomes

After the course, students should be able to:

- Define international business and explain how it differs from domestic business.
- Identify and explain the different forms of economic integration and describe how each affects international business.
- Identify the important worldwide trade organizations.
- Describe the primary patterns used by businesses for international expansion.
- Explain and analyse the influence of the following environments on international business: culture, economics, political, legal, technological, and natural.
- Analyse current issues in international business.
- Analyse major international considerations of product, pricing, promotion, branding and distribution.

102.6.0. NGSM, Negotiation and Sales Management (Samninga- og sölutækni)

ECTS: 6

Kennarar: Auðbjörg Agnes Gunnarsdóttir og Brynjar Þór Þorsteinsson

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Enska

Valnámskeið í BS í viðskiptafræði, óháð áherslulínu.

Aims and description It is crucial for an individual to dedicate and know how it is to be a professional negotiator. It can help one to achieve great results both in their profession and in personal life.

Negotiation and Sales management is one of the common and eldest businesses in the world. Knowing how to approach a customer is crucial in achieving profit for your company.

Learning Outcomes

Students get the opportunity to learn and evolve their skills in Negotiation and sales management.

Start by looking at the foundations of sales and combine it with listening to the customer to define needs and service of the customer. Discussion about the role of the sales manager and what B2B and B2C is.

The learning objective is that the student knows the key concepts of negotiating such as, win-win tactics, expanding the pie, slicing the pie, how to build trust and how to find a solution in difficult circumstances with communication and behavior.

Knowledge

After the course students should be able to use their skills in professional negotiating and sales management.

- Learn key concepts in negotiation tactics and the importance of professional negotiation to achieve better results when negotiating
- Learn to know the difference between behaviors in negotiations
- Learn how to use sales management to achieve better results and what sales are
- Learn the importance of sales vs service and B2B and B2C and the role of the sales manager

Ability

- obtained knowledge in professional negotiating and sales management
- understand the importance of professional negotiation and sales management
- understand the consequences of different behavior in negotiations and how sales management and negotiation management connects

- detect when professional negotiating is not being used
- discuss the role of a salesperson and how to detect the demands of the customer
- understand the role of listening to the customer demands and knowing how to manage a sales-department.

Skills

- After the course students should be able to use their skills in professional negotiating and sales management
- Can define key concepts of the course such as interests, zone of possible agreement, negotiating objectives, and ethics, win-win approach, professional problem solving, BATNA, sales techniques and others.
- Can explain the essentials of negotiation and can talk about the value of communications in negotiation and sales management
- Can explain the importance of establishing trust and building a relationship and explain how negotiation and sales management can help building long term relationship in business
- Can prepare for negotiations and define and understand the negotiation cycle
- Can evaluate the outcome and conclusion of the work and assignments in the course and detect how we can learn from it and develop more skills and ability
- Get training in negotiating and sales management and in creativity and problem solving in difficult sales circumstances
- Know how to manage a sales department and how to inspire there staff and customers
- Knows the Sales Cycle and how to answer a customer when he/she says NO.

102.6.0.BSET, Business Ethics

ECTS: 6

Kennari: Kristján Guðmundur Arngrímsson

Lengd: Haust, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Enska

Valnámskeið í BS í viðskiptafræði, óháð áherslulínu.

Aims and description The course covers basic concepts and theories in ethics and puts them in the context of controversial issues in business. Corporate social responsibility (CSR) will be explored ethical standards and whistle-blowing the effects of globalization and environmental issues on the conduct of business as well as other issues. Students aim to identify moral issues in business and apply ethical theories to analyze them consider in a scholarly manner ethical questions in business and respond to ethical relativism in the context of business.

Lærdómsviðmið (Learning Outcomes)

Having finished the course students should

- be able to identify moral issues in business- know basic ethical theories
- be able to apply ethical theories to analyze moral issues in business
- consider in a scholarly manner ethical questions in business
- respond to ethical relativism in the context of business.

104.6.0.MAF1 Markaðsfræði I

ECTS: 6

Kennari: Ragnar Már Vilhjálmsson

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á fyrsta ári, óháð áherslulínu.

Innihald og markmið

Markmið námskeiðsins er að kynna nemendum markaðshugtakið og þau atriði sem tengjast því í rekstri, stjórnun og stefnumótun fyrirtækja. Farið verður yfir grunnhugtök markaðsfærslu, ferli og kenningar og helstu módel útskýrð. Gerð markaðsáætlunar verður kynnt og mikilvægi stefnumótunar í markaðsstarfi. Einnig verður fjallað um þróun á tækni og nýjungum í markaðsfræðum á síðustu árum.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Í lok námskeiðs eiga nemendur að þekkja og hafa skilning á helstu hugtökum markaðsfræðinnar og þeirra kenninga sem helst er stuðst við í markaðsstarfi. Nemendur eiga að geta útbúið ítarlega markaðsáætlun og rökstutt framkvæmd hennar. Sýna skal skilning á stefnumótun í markaðsstarfi við mismunandi aðstæður.

Þekking

Leikni

Hæfni

104.6.0.VMST, Vörumerkjastjórnun

ECTS: 6

Kennari: Ásmundur Þórðarson

Önn og lengd: Hausti, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á öðru ári í BS í viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti. Valnámskeið í öðrum áherslulínum.

Innihald og markmið

Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist færni í stjórnun vörumerkja með því að þekkja og skilja grunnhugsun og aðferðir stefnumiðaðar vörumerkjastjórnunar.

- Hugtakið vörumerki (brand) er skilgreint, útskýrt og skoðuð dæmi.
- Vörumerki og neytendur
- Tilgangur og hlutverk vörumerkja.
- Aðferðir við mat á virði og mælingar á frammistöðu vörumerkja
- Áætlanir og stjórnun vörumerkja
- Vörumerki og markaðssamskipti
- Vörumerki, nýjungar og tækni
- Endurmörkun og útvíkkun vörumerkja
- Staða íslenskra vörumerkja skoðuð og metin.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekking

- Að loknu námskeiðinu eiga nemendur að:
- Geta greint frá því hvert hlutverk vörumerkja er.
- Þekkja áhrif vörumerkja á neytendur og neyslu.
- Þekkja og geta gert grein fyrir ýmsum aðferðum og hugtökum varðandi vörumerki og stjórnun þeirra.
- Geta nefnt dæmi um mikilvægi vörumerkja í markaðssetningu.
- Geta greint á milli táknrænna og starfrænna merkja.
- Þekkja aðferðir við virðismat merkja.

Færnimarkmið

- Geta beitt viðurkenndum aðferðum og tekið virkan þátt við stjórnun vörumerkja.
- Hafa tileinkað sér og aukið skilning á mikilvægi stefnumiðaðar vörumerkjastjórnunar.

104.6.0.SBRE, Sjálfbærni og samfélagsábyrgð

ECTS: 6

Kennari: NN

Önn og lengd: Vorönn, löng lota

Forkröfur: 60 ECTS

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á öðru ári í BS í viðskiptafræði, óháð áherslulínu, fyrsta ári í Miðlun og almannatengslum, öðru ári í HHS.

Innihald og markmið

Námskeiðið fjallar um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja (SÁF). Í fyrsta hluta verða lykilhugtök kynnt til leiks og farið yfir helstu áskoranir og sögu samfélagsábyrgðar. Annar hluti fjallar um helstu þætti sem snúa að samfélagsábyrgð fyrirtækja og áskoranir þeim tengdar, s.s. umhverfismál, alþjóðavæðing, mannréttindi, stjórnarhættir, aðgerðir gegn spillingu og samfélagsþátttöku. Þriðji hlutinn fjallar um ýmsar stofnanir sem vinna að framgangi samfélagsábyrgðar og helstu verkfæri sem fyrirtæki geta hagnýtt við mótun og innleiðingu stefnu um samfélagsábyrgð auk þess sem fjallað verður um samfélagsábyrgð og nýsköpun.

Í námskeiðinu verður lögð sérstök áhersla á að þjálfar nemendur í að geta beitt gagnrýnni hugsun til að takast á við siðferðisleg álitamál sem kunna að koma upp í tengslum við þá togstreitu sem getur skapast milli kröfunnar um arðsemi og áskoranna sem snúa að umhverfis- og samfélagsáhrifum fyrirtækja.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

- Nemendur geta útskýrt lykilhugtök sem tengjast samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja og hafa þekkingu á helstu fræðilegu kenningum sem þessar hugmyndir byggja á.
- Nemendur geta greint og rætt um stefnumörkun fyrirtækja varðandi samfélagslega ábyrgð, og hafa skilning á hlutverki einkageirans í sjálfbærri þróun.
- Nemendur hafa færni til að beita gagnrýnni hugsun til að takast á við siðferðisklemmur sem kunna að koma upp í tengslum við sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð.

104.6.0.RHA2, Reikningshald II

ECTS: 6

Kennari: Einar Guðbjartsson

Önn og lengd: Vorönn-, stutt lota

Forkröfur: Reikningshald I

Tungumál: Íslenska

Skuldunámskeið á öðru ári í BS í viðskiptafræði, á öðru ári BS í viðskiptalögfræði.

Innihald og markmið

Treysta skilning á tvíhliða bókhaldi með einföldum æfingum í byrjun.

Eftir umfjöllun um einstaka liði reikningsskila er látið reyna á skilning á reglum og færni í að beita þeim reglum með því að leggja fyrir verkefni um viðkomandi liði.

Grunn regluverks um gerð reikningsskila er að finna í lögum og stöðlum um gerð þeirra. Með verklegum æfingum og spurningum eru nemendur þjálfaðir í beita þessu regluverki.

Greining reikningsskila í formi lykiltalna tekur til færni í að reikna slíkar tölur en áhersla er lögð á að nemendur hafi öðlast skilning á regluverkinu og geti því skynjað og skýrt hvaða kostum og göllum slík greining er búin.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Gera nemendur færa um að semja tiltölulega einföld reikningsskil fyrirtækja sem taki til rekstrarreiknings, efnahagsreiknings og sjóðstreymis. Sú færni tekur til þess að þekkja helstu reglur um gerð reikningsskila og kunna að beita þeim. Ennfremur er það markmið að nemendur kunni að greina reikningsskil með aðstoð lykiltalna en þekkja um leið til kosta og annmarka slíkra mælinga.

Nemendur skulu

Geta samið einföld reikningsskil fyrirtækja

Þekkja helstu reglur um reikningsskil og kunna að beita þeim

Kunna að greina reikningsskil með aðstoð lykiltalna.

104.6.0.BREY, Breytingastjórnun

ECTS: 6

Kennari: Haraldur Daði Ragnarsson

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á öðru ári í BS í viðskiptafræði, almenn áhersla og áhersla á ferðaþjónustu. Valnámskeið í öðrum námsleiðum.

Innihald og markmið

Breytingastjórnun er samheiti yfir ólíkar aðferðir við að fást við stjórnun breytinga í fyrirtækjum og stofnunum. Breytingarnar geta meðal annars falist í breyttu skipulagi, nýjum vinnuáðferðum eða þróun nýrrar vöru eða þjónustu.

Námskeiðið skiptist í þrjá hluta.

Í fyrsta hluta er lögð áhersla á greina starfsumhverfi fyrirtækja og stofnana. Sívaxandi þrýstingur er á að fyrirtæki taki tillit til umhverfis og samfélags í daglegum rekstri. Slík hugsun kallar á nýjar lausnir. Farið verður yfir hugtök eins og samfélagsábyrgð fyrirtækja (Corporate Social Responsibility), nýsköpun (Innovation) og félagslega frumkvöðla (Social Entrepreneurs).

Einnig verður farið yfir tengsl nýsköpunar við breytingar en þekking á aðferðafræði breytingastjórnunar gegnir mikilvægu hlutverki í ferlinu við að umbreyta nýjum hugmyndum í vöru eða þjónustu.

Í öðrum hluta námskeiðsins er farið yfir þróun kenninga um breytingastjórnun og tengsl þeirra við kenningar um vinnuskipulag, fyrirtækjamenningu og skipulagsheildir. Einnig verða breytingar greindar með tilliti til umfangs, tegundar og eðli breytinga.

Í þriðja hluta námskeiðsins verður farið yfir helstu aðferðir við innleiðingu á breytingum í fyrirtækjum og stofnunum. Horft er á tengsl leiðtogakenninga við breytingastjórnun, leiðir til að afla breytingum fylgis á meðal starfsmanna og annarra hagsmunaaðila og aðferðir við að vinna á mótstöðu, sem oft er fylgífiskur breytinga.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

- Þekkja nýjustu strauma varðandi tengsl fyrirtækja og samfélags og hugtök á borð við samfélagsábyrgð, nýsköpun og félagslega frumkvöðla.
- Skilja samspil breytinga og nýsköpunar.
- Skilja og geta útskýrt helstu kenningar um breytingastjórnun og þróun þeirra.
- Þekkja kenningar um forystu og tengsl þeirra við breytingastjórnun.
- Þekkja og geta nýtt sér gagnlegar aðferðir við innleiðingu breytinga.
- Getu greint og tekist á við mótstöðu gegn breytingum.

104.6.0.PSTJ, Þjónustustjórnun

ECTS: 6

Kennari: Brynjar Þór Þorsteinsson

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á öðru ár í BS í viðskiptafræði, óháð áherslulínu.

Innihald og markmið

Inngangsnámskeið í þjónustustjórnun sem ætlað er að kynna helstu grunnhugtök og aðferðir sem er nauðsynlegt að þekkja og geta beitt til að ná árangri við stjórnun þjónustufyrirtækja.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekking

- Nemendur eiga að skilja og geta útskýrt helstu líkön um þjónustufyrirtæki
- Nemendur þekki helstu kenningar um þjónustustjórnun
- Nemendur skilji eðli og einkenni þjónustu og mikilvægi hennar í samfélaginu
- Nemendur eiga að þekkja helstu hugtök um ánægju viðskiptavina
- Nemendur kunni skil á tengslum tækni og þjónustu
- Nemendur geti greint gæði þjónustu með aðstoð þekktra þjónustulíkana
- Nemendur þekki helstu útfærslur á stefnu þjónustufyrirtækja og mótun hennar
- Nemendur geti þróað nýja þjónustu og tengt við nýsköpun fyrirtækja

Færni

- Geti útskýrt grunnhugsun algengra þjónustulíkana
- Geti útskýrt hvernig helstu aðferðir þjónustustjórnunar eru nýttar og hrint í framkvæmd af stjórnendum á Íslandi og í alþjóðlegum rekstri
- Geti greint og sett fram þjónustustefnu í fyrirtæki
- Hafa þróað gagnaöflunarfærni og framsetningu (kynningu) efnis með verkefnum og hópvinnum
- Hafa þróað með sér uppbyggilega gagnrýni sem byggist á jákvæðni og faglegri greiningu á nokkrum helstu líkönum (aðferðum) þjónustufræðanna
- Geti skipst á skoðunum um nokkur helstu líkön þjónustufræðanna
- Vera fær um að takast á við stjórnunarstörf í þjónustufyrirtækjum

104.6.0.NEMA, Neytendahegðun og markaðsrannsóknir

ECTS: 6

Kennari: Ragnar Már Vilhjálmsson

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á öðru ári í BS í viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti. Námskeiðið er valnámskeið í öðrum námsleiðum.

Innihald og markmið

Að veita nemendum skilning á mikilvægu hlutverki markaðsrannsókna innan fyrirtækja og sýna fram á hvernig markaðsrannsóknir geta bætt ákvarðanatöku stjórnenda fyrirtækja. Farið verður yfir markaðsrannsóknarferlið þar sem nemendur verða kynntir fyrir þeim fjölmörgu viðfangsefnum sem framkvæmd markaðsrannsóknar felur í sér. Einnig veitir þessi áfangi nemendum sterka stoð í framkvæmd markaðsrannsókna fyrir eigin rannsóknarvinnu við skrif lokaritgerða á háskólastigi. Einnig gefur námskeiðið innsýn í fjölmarga innan- og utanaðkomandi þætti sem hafa áhrif á viðhorf og hegðun neytenda og hvernig þekkingu á þessum þáttum megi nýta við markaðssetningu vöru og þjónustu.

Við lok námskeiðs munu nemendur hafa öðlast dýpri þekkingu á markaðsfræði, hlutverki markaðsrannsókna og samspili þeirra við hegðun neytenda og almennum viðfangsefnum sem markaðsstjórar standa frammi fyrir í markaðslegum ákvörðunum sínum.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekking

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Skilja mikilvægi markaðsrannsókna innan fyrirtækja og vita hvernig markaðsrannsóknir geta bætt ákvarðanatöku stjórnenda fyrirtækja
- Kunna skil á markaðsrannsóknarferlinu og þeim viðfangsefnum sem framkvæmd
- markaðsrannsókna felur í sér
- Geta borið kennsl á og metið mismunandi tegundir markaðsrannsóknnaaðferða
- Vera með innsýn í fjölmarga innan- og utanaðkomandi þætti sem hafa áhrif á viðhorf og hegðun neytenda.

Færnimarkmið

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Geta framkvæmt markaðsrannsókn með öllum þeim þáttum sem markaðsrannsóknarferlið felur í sér
- Geta notað þekkingu sína á undirliggjandi þáttum sem hafa áhrif á hegðun neytenda til að markaðssetja vöru og þjónustu.

104.6.0.FFMA, Fjármál og fjármálamarkaðir

ECTS: 6

Kennari: Sigurbjörn Einarsson

Önn og lengd: Breytilegt

Forkröfur: Fjármál I og II mjög æskilegt

Tungumál: Íslenska

Valnámskeið í BS í viðskiptafræði, óháð áherslulínu.

Innihald og markmið

Farið er dýpra í þætti fjármála sem fjallað var um í Fjármálum I og II og nýjir þættir skoðaðir.

Viðfangsefni skoðuð út frá sjónarhornum fjárfesta og fjármálamarkaða með áherslu á fjármálamarkaðinn og undirmarkaði hans. Fjallað er um samvalsfræði verðbréfa, skuldabréfa- og vaxtaútreikning og hvernig fjárfestar geta metið mismunandi gerðir skuldabréfa, borið saman og nýtt upplýsingar markaðarins.

Fjallað er um virkni markaða á Íslandi í dag, hvar hægt er að nálgast gagnlegar upplýsingar um markaðinn, vexti, hagtölur o.fl. helstu grunnkenningar og skilgreiningar. Skoðuð er flokkun fjárfesta, hvernig verðbréfasöfn eru samsett og reiknuð út. Skoðaðar helstu kennitölur skuldabréfa og notkun þeirra. Í tengslum við þetta er farið yfir mismunandi framsetningu vaxta og mismunandi dagareglur á vaxtamarkaði. Loks er farið yfir helstu tegundir afleiðna og afleiðusamninga og notkun þeirra.

Lærdómsviðmið – í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

- Nemendur eiga að kunna skil á hvernig verðbréfamarkaðurinn er uppbyggður, hvernig helstu undirmarkaðir virka og mögulegt samspil þeirra.
- Nemendur eiga að þekkja helstu tegundir verðbréfa og hvernig viðskipti með þau fara fram og á hvaða mörkuðum.
- Nemendur eiga að þekkja grunnkenningar varðandi samval verðbréfa, skilgreiningu á áhættu og flokkun fjárfesta í mismunandi áhættuhópa.
- Nemendur eiga að kunna verðlagningu skuldabréfa, að stilla upp greiðsluflæði mismunandi gerða skuldabréfa, að reikna helstu kennitölur og notkun þeirra.
- Nemendur eiga að vita hvar nálgast má gagnlegar upplýsingar af verðbréfamarkaði, helstu hagtölur, upplýsingar um vexti o.fl
- Nemendur eiga að kunna skil á mismunandi framsetningu vaxta og hvernig fjárfestar bera sig að við samanburð.
- Nemendur eiga að þekkja helstu aðferðir við vermat hlutabréfa
- Nemendur eiga að þekkja helstu tegundir afleiðusamninga.
- Nemendur eiga að vita hvar má finna tölulegar upplýsingar um verðbréfamarkaðinn og helstu undirmarkaði.

106.6.0.MFFA, Markaðsfræði ferðaþjónustu og afþreyingar

ECTS: 6

Kennari: Brynjar Þór Þorsteinsson

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Námslína: BS í viðskiptafræði með áherslu á ferðaþjónustu

Forkröfur: Markaðsfræði 1

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á öðru ári í BS í viðskiptafræði með áherslu á ferðaþjónustu. Valnámskeið í öðrum námslínunum.

Innihald og markmið

Fjallað er um að tengja sjónarhorn og sérstöðu ferðaþjónustu og afþreyingargreina við nýjustu áherslur í markaðsfræði. Byggt er að grunni til á markaðsfræði þjónustu með megináherslu á vaxandi ferðaþjónustu og afþreyingariðnað. Lögð er áhersla á ný fyrirtæki og áfangastaði.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

- Að nemendur þekki grunnhugtök markaðsfræði ferðaþjónustu
- Að nemendur skilji og geti útskýrt meginhugtök þjónustufræða
- Að nemendur geti greint markaðsstefnu ferðaþjónustu
- Að nemendur öðlist færni í að móta nýjar hugmyndir og hanna ný fyrirtæki í ferðaþjónustu
- Að nemendur skilji hlutverk og möguleika internetsins í markaðssetningu ferðaþjónustu og tengdra greina
- Að nemendur öðlist færni í notkun hugtaka og líkana í markaðsfræði ferðaþjónustu með því að greina raundæmi

106.6.0.FERM, Ferðaðþjónusta og menning

ECTS: 6

Kennari: Njörður Sigurjónsson

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Námslína: BS í viðskiptafræði með áherslu á ferðaðþjónustu

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á öðru ári í BS í viðskiptafræði með áherslu á ferðaðþjónustu.

Innihald og

Ferðaðþjónusta er skoðuð sem menningarfyribæri (cultural phenomenon) með áherslu á menningartengda ferðaðþjónustu. Fjallað um möguleika og tækifæri Íslands en jafnframt horft gagnrýnið á áhrif ferðaðþjónustu á menningu viðtökulands. Meðal áhersluþátta eru söfn og sýningar, tónlist, kvikmyndir og sögur, matarmenning o.fl.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

- Að nemendur þekki og skilji grunnhugtök menningar
- Að nemendur geti greint mismunandi menningu landa
- Að nemendur skilji áhrif menningar á ferðaðþjónustu
- Að nemendur öðlist færni í að ræða á gagnrýninn en uppbyggilegan hátt um menningu og ferðaðþjónustu
- Að nemendur skilji hlutverk og möguleika menningar í uppbyggingu ferðaðþjónustu
- Að nemendur öðlist færni í notkun hugtaka og líkana í tengslum við menningu með greiningu raundæma úr ferðaðþjónustu.

108.6.0.BMBF Boðmiðlun og birtingarfræði

ECTS: 6

Kennari: Ragnar Már Vilhjálmsson

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið í BS í viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti.

Innihald og markmið

Fjallað er um hvernig helstu hugtök markaðsfræðinnar eru notuð í samskiptum markaðsfólks, þ.e. markaðstjóra, markaðsdeilda, auglýsinga- og birtingastofa. Farið er yfir grunnhugsun í markaðsfærslu, hvernig markmið fyrirtækja hverju sinni eru skilgreind, nauðsynlegar rannsóknir gerðar, hvernig skilaboð markaðsefnis er þróað og unnið og hvernig birtingar markaðsefnis eru ákveðnar út frá markmiðum og markhópum hverju sinni.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Nemendur hafi öðlast skilning á hvaða undirbúningur er nauðsynlegur til að boðmiðlun til markhóps nái sínu markmiði hverju sinni. Nemendur eiga að hafa öðlast þekkingu og skilning á helstu hugtökum og vinnubrögðm við gerð birtingaáætlana og geta notað þau í raunverulegum verkefnum.

108.6.0.STAM, Stafræn markaðssetning

ECTS: 6

Kennari: Brynjar Þór Þorsteinsson og Ragnar Már Vilhjálmsson

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á öðru ári í BS í viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti og ferðaþjónustu. Valnámskeið í öðrum áherslulínum.

Innihald og markmið

Farið er í grunnhugtök tengd markaðssetningu á Internetinu, s.s. stefnumótun (strategy) og árangursríkrar uppbyggingu vefsíðna og vefstjórnun (implementation and practice). Farið er vandlega í gegnum helstu leiðir og nýjungar sem eru boði á þessum vettvangi s.s. markaðssetning á leitarvélum (SEO), vefborðar, rafræn fréttabréf, markaðssetning á samfélagsvefjum og PPC herferðir á Google og Facebook ásamt því hvernig á að meta og mæla árangur í markaðsstarfi á netinu.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Að námskeiði loknu er stefnt að því að nemandur þekki og geti skilgreint grunnþætti markaðsfræðinnar með tilliti til Internetsins og geri sér grein fyrir mikilvægi faglegs markaðsstarfs á Internetinu.

Nemendur eiga að vera færir um að geta mótað stefnu fyrir rafræn viðskipti og markaðssetningu á netinu.

Nemendur verði færir um að geta gert greiningu á ytra og innra umhverfi fyrirtækis með tilliti til rafrænna viðskipta.

Nemendur eiga að geta sett upp heildstæða stefnumótandi áætlun fyrir uppbyggingu og innleiðingu á vefsíðu auk þess sem að nemendur þekki helstu leiðir í markaðssetningu á Internetinu auk þess að öðlast þjálfun í að nota og veita ráðgjöf í notkun Internetsins í markaðsstarfi.

108.6.0.MAF2, Markaðsfræði II

ECTS: 6

Kennari: Ragnar Már Vilhjálmsson

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Námslína: BS í viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti

Forkröfur: Markaðsfræði I

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á öðru ári í BS í viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti. Valnámskeið í öðrum námslínunum.

Innihald og markmið

Á námskeiðinu verður farið yfir þætti markaðsfræðinnar sem starfa í kringum fjögur P markaðsfræðinnar (söluráða fyrirtækja) og mynda stoðþætti sem markaðsstjórar verða að þekkja og skilja til að hámarka árangur markaðsaðgerða og áætlana. Farið verður yfir þætti á borð við markaðsstjórnun, rannsóknir á markaðs- og samkeppnisumhverfi, samkeppnisgreiningu, háþöskun ánægju og tryggð viðskiptavina, alþjóða-markaðssetningu og fleira.

Eftir námskeiðið ættu nemendur að hafa öðlast dýpri og víðtækari sýn á markaðsstarf fyrirtækja.

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Pekking

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Kunna skil á aðferðafræði markaðsgreiningar.
- Kunna skil á öllum þáttum heilstæðrar markaðsáætlunargerðar.
- Hafa skilning á árangursmódelum og ánægju viðskiptavina.
- Geta sett hefðbundna markaðsfræði í alþjóðlegt samhengi.

Færnimarkmið

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Geta framkvæmt ítarlega greiningu á markaðs- og samkeppnisaðstæðum fyrirtækja.
- Geta útbúið heilstæða markaðsáætlun.
- Geta framkvæmt árangursmat markaðsherferða.

108.6.0.NSMA, Nýir straumar í markaðsmálum

ECTS: 6

Kennarar: Brynjar Þór Þorsteinsson, Ragnar Már Vilhjálmsson og Haraldur Daði Ragnarsson

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á öðru ári í BS í viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti. Valnámskeið í öðrum námsleiðum.

Innihald og markmið

Farið er yfir atriði og áskoranir sem markaðsfólk tekst á við í starfi sínu í dag þar sem nýjungar og áherslur taka hröðum breytingum. Reynt er að fjalla ítarlega um viðfangsefni sem eru helst til ný á nálinni og enn í mótun. Rætt er við einstaklinga sem eru framarlega á sínu sviði í einstökum kynningarmálum og þeirra sýn fengin á þróun leiða til framtíðar. Markmiðið er að nemendur fái góða yfirsýn yfir nýsköpun í markaðsmálum í dag, öðlist færni í að leita sér upplýsinga og þekki leiðir til að fylgjast með nýjum straumum í markaðsmálum. Leitað er eftir frumkvæði nemenda við vinnslu verkefna í námskeiðinu.

Meðal efnis

- Félagsleg markaðsfærsla (Societal marketing)
- Leikjavæðing (Gamification)
- Vefhönnun (Webdesign)
- Markaðssetning með snjallsímum (Mobile marketing)
- Markaðssetning í stafrænum miðlum (Digital media marketing)
- Nýjungar í markaðsrannsóknnum (Marketing research innovation)
- Markaðssetning upplifunar (Experiential marketing)
- Markaðssetning með leitarvélum (Google)
- Framsetning tölfraeðigagna (Data visualization)

Lærdómsviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

- að vera færir um að greina ný tækifæri í markaðssetningu,
- að hafa öðlast færni í að leita sér upplýsinga um nýjar áherslur í markaðsmálum hvort sem það tengist framþróun í tækni eða breyttri hegðun neytenda.
- að geta sagt frá og sýnt fram á notkun nýrra leiða sem mikilvægan þátt í árangursríkum markaðssamskiptum fyrir vörumerki og fyrirtæki.

108.6.0.TESA, Tilgangur og eðli samfélagsmiðla

ECTS: 6

Kennari: NN

Önn og lengd: Haustönn, stutt lota – kennt frá skólaári 2019 – 2020

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á öðru ári í BS í viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti og samfélagsmiðla. Námskeiðið er valnámskeið í öðrum námsleiðum.

Nánari lýsing og lærdómsmarkmið kemur síðar

Innihald og markmið

Fjallað er um undirliggjandi krafta að baki samfélagsmiðlum. Hvers vegna sumir samfélagsmiðlar hafi ekki náð árangri en aðrir blómstrað og náð heimsútbreiðslu. Hver er lykillinn að árangri þeirra? Hvað veldur því að fólk og fyrirtæki flykkjast að þessum miðlum og tekur þátt í að skapa þá?

Lærdómsmarkmið – í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekking

- geta lýst kröftum sem liggja að baki samfélagsmiðlum og
- geta sett fram greiningu á þeim og sett fram í greinagerð
- geta greint munnlega og skriflega frá hugtökum sem leitast við að útskýra árangur samfélagsmiðla

Leikni

- geta metið samfélagsmiðla út frá kröftum sem eiga við stafrænan veruleika
- geta nýtt sér samfélagsmiðla í markaðssetningu

Hæfni

- geta fjallað munnlega og skriflega á gagnrýninn hátt um aðferðir við val á samfélagsmiðli
- geta ályktað og lagt mat á virði þátttöku í samfélagsmiðlum fyrir fyrirtæki.

108.6.0.JÓSA, Stjórnun samfélagsmiðla

ECTS: 6

Kennari: NN

Önn og lengd: Vorönn, stutt lota – kennt frá skólaári 2019 – 2020

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á öðru ári í BS í viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti og samfélagsmiðla. Námskeiðið er valnámskeið í öðrum námsleiðum.

Nánari lýsing og lærdómsmarkmið kemur síðar

Innihald og markmið

Helstu þættir sem snúa að stýringu markaðsmála á samfélagsmiðlum og horft til þátta eins og greiningar markhópa, stjórnun herferða, val á miðlum, notkun myndbanda og gerð áætlunar í notkun samfélagsmiðla.

Fyrirtæki og stofnanir nýta sér samfélagsmiðla í töluvert í markaðsstarfi. Miðlarnir eru margir og ólíkir eins og fyrirtækin sjálf. Fólk sem stýrir markaðsmálum fyrirtækja og stofnana þarf að kunna að feta sig í heimi samfélagsmiðla og velja miðla sem henta þeirra starfsemi og markmiði.

Lærdómsviðmið – í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekking

- gert grein fyrir helstu tækjum og tólum til að stjórna samfélagsmiðlum
- greint á milli eiginleika helstu samfélagsmiðla
- útskýrt helstu atriði við áætlunargerð fyrir stjórnun samfélagsmiðla

Leikni

- sett fram áætlun um vegna samfélagsmiðla við markaðssetningar
- sett fram markaðsleg markmið og mælt árangur á samfélagsmiðlum

Hæfni

- greint, bæði munnlega og skriflega, frá helstu atriðum er varða ólíka samfélagsmiðla m.t.t. markaðssamskipta
- greint samfélagsmiðla og útskýrt þá í markaðslegu samhengi.

108.6.0.CRMA, Stefnumiðuð stjórnun viðskiptatengsla (CRM)

ECTS: 6

Kennari: Haraldur Daði Ragnarsson

Önn og lengd: Vorönn, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á öðru ári í BS í viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti og samfélagsmiðla. Námskeiðið er valnámskeið í öðrum námsleiðum.

Innihald og markmið

Fjallað er um stefnumarkandi stjórnun viðskiptasamskipta á grundvelli hugmyndafræði CRM. Nýta stjórnun viðskiptatengsla á grundvelli CRM til að ná frábærum árangri í stjórnun sambanda. CRM hjálpar fyrirtækjum meðal annars að afla viðskiptavina, þjónusta viðskiptavini og halda viðskiptavinum og er lögð sérstök áhersla á þessa þætti í allri umfjöllun. Farið er yfir helstu lykilatriði CRM, þ.á.m., innleiðingu, skipulagningu og notkun upplýsingatækni og skoðað hvernig CRM hugmyndafræðin og tæknilegir þættir vinna saman. Áfanginn snýst um hvernig CRM nýtist í markaðsstarfi og hvað þurfi til að innleiða hana með sem bestum árangri.

Lærdómsviðmið – í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekking

- Nemendur geti lýst hvað CRM gengur út á og útskýrt á skilmerkilegan hátt mikilvægi þess í stefnu fyrirtækja
- Nemendur geti lýst því hvaða áhrif CRM hefur á ólík svið fyrirtækja og útskýrt hvaða hlutverki CRM gegnir í starfsemi þeirra
- Nemendur geti útskýrt hvernig unnið er með upplýsingar í tengslum við CRM
- Nemendur geti lýst í grófum dráttum hvernig CRM og tæknin vinna saman
- Nemendur geti gert grein fyrir því hvernig unnt er að nýta
- CRM við markaðsstjórnun.

Færnimarkmið:

- Nemendur geti gert greint fyrir því hvaða viðfangsefni þarf að takast á við í tengslum við innleiðingu á CRM
- Nemendur geti gert greint fyrir því hvers konar upplýsingar þurfi að skrá í CRM kerfi og hvernig unnt sé að nýta þær til byggja upp góð tengsl við viðskiptavini
- Nemendur geti gert grein fyrir ávinningnum af upptöku CRM kerfa fyrir sölu- og markaðsstarf
- Nemendur geti gert grein fyrir því hvernig unnt er að nýta upplýsingar úr CRM kerfum í stjórnun og stefnumótun fyrirtækja
- Nemendur geti sett fram skýrslu um innleiðingu á CRM í litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

109.6.0.GÞJÓ Gæðamál og þjónusta

ECTS: 6

Kennari: Einar Svansson

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á fyrsta ári með áherslu á þjónustufræði.

Innihald og markmið

Fjallað um helstu aðferðir við stjórnun og hvatningu starfsmanna í þjónustufyrirtækjum tengsl umbunar (sálrænnar hvatningar og fjárhagslegrar) við starfsánægju og ánægju viðskiptavina. Árangurskeðja þjónustu verður kynnt (e. Service profit-chain) ásamt öðrum mikilvægum líkönum sem tengjast ferlum og gæðum þjónustu. Helstu aðferðir sem hafa reynst árangursríkar við gæðaeftirlit í þjónustufyrirtækjum verða kynntar ásamt því að rædd verða tengsl mælinga árangurs og þjónustu.

Lærdómsviðmið – í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Pekking:

- Hafa kynnt sér sögulega þróun gæðastjórnunar.
- Geta fjallað um helstu hugtök gæðamála.
- Gert grein fyrir og útskýrt tengsl gæða og þjónustu.
- Geta borið saman mismunandi gæðakerfi.

Leikni:

- Sett upp einföld eyðublöð sem nýtast við gæðamælingar.
- Vera fær um að mæla gæði á vettvangi.
- Vera fær um að stilla upp niðurstöðum úr gæðamælingum á skýran hátt.

Hæfni:

- Dregið ályktanir út frá niðurstöðum gæðamælinga.
- Rökstutt val á aðferðum sem henta fyrir þjónustufyrirtæki.
- Fjallað á gagnrýnan hátt um aðferðir við gæðastjórnun í þjónustu og rætt takmörkun hvernar aðferðar fyrir sig.

109.6.0.NYPR, Nýsköpun og þróun stafrænnar þjónustu

ECTS: 6

Kennari: Brynjar Þór Þorsteinsson

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Námslína: BS í viðskiptafræði með áherslu á þjónustufræði

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á öðru ári í BS í viðskiptafræði með áherslu á þjónustufræði.

Innihald og markmið

Með tækniþróun og sér í lagi tækniframförum á sviði internetsins hefur hvers konar stafræn þjónusta rutt sér veg sem engan endi sér fyrir. Það er stutt síðan að fyrirtæki sem starfa eingöngu á internetinu og veita aðeins stafrænar vörur og þjónustu (e. Digital products and services eða e. Online service providers) eins og Facebook, Instagram, Google, eBay, Spotify, Snapchat, YouTube, QuizUp og LinkedIn komu inn á sjónarsviðið og hafa hlotið alheims athygli og eru orðin stór hluti hjá mörgum, sér í lagi af yngri kynslóðinni. Í námskeiðinu fær nemandinn að kynnast þeirri hagfræði og þeim kröftum sem búa að baki stafrænni þjónustu og hvernig er hægt að nýta sér fræðin til að byggja upp fyrirtæki sem býður eingöngu uppá stafræna þjónustu. Þá verða ýmis hugtök útskýrð og hvernig er hægt að færa efnið yfir á raunveruleg dæmi.

Farið verður yfir aðferðir við nýsköpun og business model canvas verður til umfjöllunar ásamt að skoða umhverfi nýsköpunar með áherslu á tækni.

Lærdómsviðmið – í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekking

- Nemendur geti lýst eðli og einkennum stafrænnar vöru og þjónustu
- Nemendur geti útskýrt helstu þætti í hagkerfi internetsins (e.internet economy) og þær áskoranir sem eru fyrir hendi
- Nemendur geti komið á og útskýrt eðli stafrænna vistkerfa og netvanga (e.digital ecosystems / platforms)
- Nemendur þekki og geti sagt frá helstu viðskiptalíkön þekktra internetfyrirtækja
- Nemendur þekki til og útskýrt aðferðir við alþjóðavæðingu stafrænnar vöru og þjónustu.

Færnimarkmið

- Geti útskýrt grunnhugsun Business model canvas
- Geti útskýrt hvernig helstu aðferðir stafrænnar þjónustu eru nýttar og hrint í framkvæmd af stjórnendum á Íslandi og í alþjóðlegum rekstri
- Geti greint og sett fram stefnu í fyrirtæki með stafræna þjónustu og geti skilgreint markhópa þess
- Geti þróað og sett fram viðskiptahugmynd í kringum stafræna þjónustu með notkun tóla eins og Business model canvas

- Hafa þróað með sér uppbyggilega gagnrýni sem byggist á jákvæðni og faglegri greiningu á nokkrum helstu líkönum (aðferðum) þjónustufræðanna
- Geti skipst á skoðunum um nokkur helstu viðskiptalíkönun á internetinu (e-business models)
- Vera fær um að takast á við stjórnunarstörf í þjónustufyrirtækjum.

111.6.0.FORR, Forritunarmál

ECTS: 6

Kennari: NN

Önn og lengd: Haustönn, stutt lota – kennt frá skólaári 2019 – 2020

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á öðru ári í BS í viðskiptafræði með áherslu á viðskiptagreind. Námskeiðið er valnámskeið í öðrum námsleiðum.

Markmiðið með námskeiðinu er að veita nemendum innsýn í þróun forritunarmála og notkun þeirra við gerð hugbúnaðar. Ennfremur verður farið yfir helstu eiginleika nettenginga og notkun þeirra milli fyrirtækja og innan. Áhersla verður lögð á skýra mismunandi notagildi forritunarmálanna fyrir hin ýmsu verkefni. Nemendur munu leysa einföld forritunarverkefni og flóknari verkefni í Excel eða sambærilegu forriti. Í námskeiðinu verður lögð rík áhersla á verkefnavinnu.

Hæfnisviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi lærdómsviðmið:

Þekkingu

- Hafa þekkingu til þess að fjalla um algengustu forritunarmál sem notuð eru við gerð viðskiptahugbúnaðar.
- Geta gert grein fyrir notagildi mismunandi forritunarmála í viðskiptasamhengi.

Leikni

- Geta metið þýðingu og hlutverk hinna ýmsu forritunarmála í viðskiptahugbúnaði
- Hafa getu til þess að meta gildi hinna ýmsu forritunarmála í viðskiptahugbúnaði.

Hæfni

- Geta leyst einföld forritunarverkefni og hafa hæfni til þess að velja réttan hugbúnað fyrir hin ýmsu verkefni.

111.6.0.GAGA, Gagnagrunnar

ECTS: 6

Kennari: NN

Önn og lengd: Haustönn, stutt lota – kennt frá skólaári 2019 – 2020

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á öðru ári í BS í viðskiptafræði með áherslu á viðskiptagreind. Námskeiðið er valnámskeið í öðrum námsleiðum.

Markmiðið með námskeiðinu er að kynna nemendum gagnagrunna og notkun þeirra í hugbúnaði sem notaður er í viðskiptafræðum. Farið verður yfir hinar ýmsu gerðir gagnagrunna svo sem „relational databases“ og „network databases“. Ennfremur verða kynnt helstu bókhaldsforrit og önnur forrit viðskipta sem byggja á gagnagrunnum. Í námskeiðinu verður lögð rík áhersla á verkefnavinnu.

Hæfnisviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi lærdómsviðmið:

Þekkingu

- Hafa þekkingu til þess að fjalla um algengustu viðskiptakerfi sem byggja á gagnagrunnum.
- Gert grein fyrir mikilvægi og notagildi mismunandi gagnagrunna.

Leikni

- Geta metið mikilvægi hinna ýmsu gagnagrunna í hinum ýmsu viðskiptaferlum.
- Hafa leikni til þess að ráðleggja notkun hinna ýmsu gagnagrunna við viðskiptaferlum.

Hæfni

- Hafa hæfni til þess að velja gagnagrunna (hugbúnað) fyrir hin ýmsu verkefni innan viðskiptafræðinnar.

111.6.0.ÁKFR, Ákvörðunarfræði

ECTS: 6

Kennari: NN

Önn og lengd: Vorönn, stutt lota – kennt frá skólaári 2019 – 2020

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á öðru ári í BS í viðskiptafræði með áherslu á viðskiptagreind. Námskeiðið er valnámskeið í öðrum námsleiðum.

Markmiðið með námskeiðinu er að veita nemendum innsýn inn í helstu atriði ákvörðunartökufraeða og notagildi þeirra í viðskiptahugbúnaði. Farið verður yfir helstu alríma sem notaðir eru í ákvörðunartökulíkönum. Kynnt verða helstu forrit sem eru í notkun, þar á meðal Oracle og SAP. Í námskeiðinu verður lögð rík áhersla á verkefnavinnu.

Hæfnisviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi lærdómsviðmið:

Þekkingu

- Hafa þekkingu til þess að fjalla um algengustu alrím sem viðskiptakerfi sem byggja á.
- Gert grein fyrir mikilvægi og notagildi mismunandi alríma í viðskiptalegu umhverfi.

Leikni

- Geta ráðlagt við notkun hinna ýmsu alríma í viðskiptahugbúnaði.
- Hafa leikni til þess að meta gildi og takmarkanir alríma í viðskiptahugbúnaði.

Hæfni

- Hafa hæfni til þess að velja réttan ákvörðunartökubúnað fyrir hin ýmsu verkefni innan viðskiptafræðinnar.

111.6.0.GREI, Gervigreind

ECTS: 6

Kennari: NN

Önn og lengd: Vorönn, stutt lota – kennt frá skólaári 2019 – 2020

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á öðru ári í BS í viðskiptafræði með áherslu á viðskiptagreind. Námskeiðið er valnámskeið í öðrum námsleiðum.

Markmiðið með námskeiðinu er að veita nemendum innsýn inn í helstu atriði gervigreindar og hvernig hún er notuð í viðskiptalegu samhengi. Farið verður í gegnum sögu og þróun gervigreindar og hvaða áhrif hún hefur haft á viðskipti. Gert verður grein fyrir helstu forritum gervigreindar, svo sem „experts systems“ og „deep learning frameworks“, og hugsanleg áhrif hennar á viðskipti framtíðarinnar. Í námskeiðinu verður lögð rík áhersla á verkefnavinnu.

Hæfnisviðmið – Í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi lærdómsviðmið:

Þekkingu

- Hafa þekkingu til þess að fjalla um algengustu viðskiptakerfi sem byggja á gervigreind.
- Gert grein fyrir mikilvægi og notagildi mismunandi gervigreindarforrita og kerfa.

Leikni

- Geta metið mikilvægi gervigreindar í viðskiptaferlum.
- Hafa leikni til þess að ráðleggja um notkun gervigreindar í viðskiptaferlum.

Hæfni

- Hafa hæfni til þess að meta og velja rétta gervigreindarferla fyrir viðskiptafræðileg viðfangsefni.

112.6.0.INCO, Intercultural Communication (Alþjóðasamskipti)

ECTS: 6

Kennari: NN

Önn og lengd: Vor, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnnám

Tungumál: Enska

Valnámskeið í BS í viðskiptafræði, óháð áherslulínu.

Aims and description Become a more willing, flexible, and thoughtful communicator in intercultural interactions.

This course is designed to equip you with the understanding of basic concepts and principles of intercultural communication, which should assist you in interacting effectively and appropriately with people from various cultural backgrounds. It will also help you understand various dimensions of intercultural communication related to both domestic and international contexts. The course draws from multiple perspectives such as social scientific, humanistic, and rhetorical/critical.

Learning Outcomes

During this course, you should put forth efforts to:

- Understand the complex relationship between culture and communication
- Discover the importance of context and power in intercultural communication
- Investigate or explore how your own cultural identity has been formed through communication
- Examine the influence of your own cultural group regarding the way you communicate with members of other cultural groups
- Become a more willing, flexible, and thoughtful communicator in intercultural interactions.

202.6.0.SFYR, Stjórnarhættir fyrirtækja

ECTS: 6

Kennari: Katrín Helga Hallgrímsdóttir

Önn og lengd: Haust, stutt lota

Forkröfur: Almennar forkröfur um inngöngu í grunnám

Tungumál: Íslenska

Skyldunámskeið á öðru ári í BS í viðskiptafræði. Valnámskeið í BS í viðskiptalögfræði.

Innihald og markmið

Fjallað um efnið (e. Corporate Governance) út frá fræðilegu, hagnýtu, hagfræði- og lagalegu sjónarhorni. Helstu kenningar hagfræði um fyrirtæki, haghafa og hvernig þær snerta hugmyndir og regluverk um stjórnarhætti fyrirtækja. Eðli fyrirtækja, stöðu og hlutverk í samfélaginu, ólíka stöðu fyrirtækja eftir því hvort um er að ræða lítil- og meðalstór félög, félög skráð á verðbréfamarkað eða félög sem starfa samkvæmt sérstökum lögum, s.s. fjármálafyrirtæki. Helstu lög og reglur sem stjórnendur og stjórnarmenn fyrirtækja þurfa að hafa í huga og um hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna. Farið er yfir þau skilyrði sem stjórnir fyrirtækja þurfa að uppfylla og hvernig stjórnarkjör fer fram. Rætt er um hlutverk og ábyrgð hluthafa, endurskoðenda og eftirlitsstofnana. Farið í skyldur fyrirtækja gagnvart kröfuhöfum, eigendum minnihluta hlutafjár og öðrum haghöfum og þeirri vernd sem löggjöfin veitir þeim. Hvað einkennir góða stjórnarhætti og sérstaklega litið til áberandi áherslna í stjórnarháttum fyrirtækja eftir hrun, svo sem siðferði, samfélagslega ábyrgð og fjölbreytileika stjórnarmanna. Leitast er við að nálgast viðfangsefni út frá hagnýtum sjónarhóli, ennfremur er litið til þess hvernig stjórnarháttum fyrirtækja er framfylgt erlendis.

Lærdómsviðmið – í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Þekkja hlutafélagaformið, markmið þess og hlutverk og hagsmuni helstu haghafa; hluthafa, stjórnarmanna, stjórnenda, viðskiptavina, byrgja, lánveitenda, nærsamfélags o.s.frv.

- Þekkja helstu lagaákvæði sem skipta máli varðandi stjórnarhætti fyrirtækja, reglugerðir og leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja.
- Þekkja skilyrði sem stjórnir og stjórnarmenn þurfa að uppfylla og vita hvernig stjórnarkjör fer fram.
- Geta greint á milli hvað einkennir góða og slæma stjórnarhætti og hvaða áhrif stjórnarhættir geta haft á fyrirtæki. Geta borið saman stjórnarhætti milli fyrirtækja eða milli ára hjá sama fyrirtækinu.
- Þekkja og geta greint frá þeim lögum og reglum sem stjórnarmenn, hluthafar, endurskoðendur og eftirlitsaðilar starfa eftir.
- Hafa rökstudda skoðun á því hversu langt löggjafinn eigi að ganga í því að lögbinda stjórnarhætti félaga.
- Geta skýrt siðferðisvitund og samfélagslega ábyrgð í rekstri félaga.
- Geta sett fram stjórnháttayfirlýsingu fyrir fyrirtæki.
- Geta veitt ráðgjöf um atriði sem geta bætt stjórnarhætti fyrirtækja.

902.8.0.MISS, Misserisverkefni

ECTS: 8

Kennari: Kennarar skólans

Önn og lengd: Sumar

Forkröfur: Aðferðafræði

Tungumál: Íslenska

Námskeiðið er skyldunámskeið í grunnnámi á fyrsta og öðru ári.

Kennsluáðferðir: Sjálfstæð vinna 4-6 nemenda í hóp. Nauðsynlegt er að hóparnir samanstandi af bæði fyrsta og annars árs nemendum. Þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum og reynsla í rannsóknum sem eykur færni í aðferðafræði. Fagleg leiðsögn hjá leiðbeinanda auk leiðsagnar í verkefnastjórnun. Tækifæri til að flétta saman og beita aðferðum og þekkingu sem aflað hefur verið úr öðrum námsgreinum.

Innihald og markmið

Aukið sjálfstæði og víðsýni og efla sköpunarkraft nemenda með því að takast á við ögrandi verkefni með samnemendum. Nemendur þurfa að sýna frumkvæði, finna áhugavert verkefni í samstarfi við starfsmenn skólans, móta rannsóknarspurningu og setja upp verkáætlun. Reynir á ábyrgð nemenda og getu til að vinna samkvæmt áætlun, afla gagna, vinna úr þeim með faglegum og gagnrýnum hætti í góðu samstarfi. Í lokin kynna og verja nemendur verkefnið fyrir dómnefnd sem sameinast um einkunnagjöf fyrir vinnuna og afurð hennar. Reynir á færni nemenda við að kynna niðurstöður með skipulögðum og skýrum hætti.

Lærdómsviðmið – í lok námskeiðs skal nemandi geta sýnt færni við eftirfarandi

Að loknum tveimur misserisverkefnum við Háskólann á Bifröst mun nemandi hafa öðlast þjálfun í hópastarfi, að setja upp verkáætlun og fylgja henni, beita fræðilegum aðferðum við söfnun og greiningu áreiðanlegra gagna, taka niðurstöður saman í skýrslu og verja verkefni sitt.

Þekking

- hafi öðlast innsæi inn í valdar kenningar og hugtök geri greinarmun milli fræðilegra skýringa og annars konar skýringa skilji og þekki stöðu fræðigreinar í víðara samhengi.
- geti notað fræðigreinar og sett í samhengi við ögrandi verkefni. geti beitt gagnrýnum aðferðum við greiningu gagna. hafi þekkingu á mismunandi aðferðafræði við úrlausnir verkefna.
- þekki til helstu aðferða sem notaðar eru við verkefnastjórnun hafi kunnáttu til að túlka og kynna fræðileg atriði og rannsóknarniðurstöður.

Leikni

- Leikni til að rökstyðja fræðilegar ogeða hagnýtar úrlausir
- Getu til að finna upplýsingar meta áreiðanleika þeirra og geta nýtt þær á viðeigandi hátt og sett í samhengi.

- Leikni í að velja heppilega rannsóknaraðferð og túlka niðurstöður.
- Geti beitt aðferðum verkefnastjórnunar og skjalfest áætlanir og vinnulag.
- Getu til að kynna hugmyndir og miðlað þeim á skýran hátt.

Hæfni

- Hæfni til sjálfstæðra vinnubragða.
- Getu til að vinna sjálfstætt gera áætlanir og vinna samkvæmt þeim.
- Hæfi til að geta tekið virkan þátt í hópstarfi og leitt verkhópa.

104.X.0.BSRG, BS Ritgerð

ECTS: 14

Leiðbeinandi: Kennarar skólans

Önn: Haust eða vor

Forkröfur: 150 ECTS

Tungumál: Íslenska/Enska

Skylda á þriðja ári.

Markmið

Lokaverkefni nemenda í grunnnámi er BS lokaritgerð sem staðfesta skal getu nemandans til að leggja drög að fræðilegu eða hagnýtu verkefni og vinna það til fulls.

Lýsing

Nemandi sem hyggst hefjast handa við skrif lokaritgerðar í grunnnámi sækir um það í samræmi við leiðbeiningar frá háskólaskrifstofu fyrir tilskilinn umsóknarfrest (á haustönn fyrir komandi vorönn og á vorönn fyrir komandi haustönn). Miðað er við að lokaritgerðir séu unnar á haust- eða vorönn. Ritgerðarefni skal tilgreint í umsókn. Leiðbeinandi er valinn í samráði við nemanda.

Nemendur þurfa að hafa lokið 150 ECTS til þess að hefja lokaritgerðarskrif. Lengdarviðmið er um það bil 1000 orð fyrir hverja einingu (að frátöldu efnisyfirliti, útdrætti, heimildaskrá og viðaukum). Nemendur skulu áætla nauðsynlegan tíma til að skrifa lokaritgerðir í ljósi þess að miðað er við að tvær ECTS-einingar samsvari einnar viku vinnu.



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

BIFRÖST UNIVERSITY